

The logo consists of the letters 'VR' in a bold, white, sans-serif font, centered within a dark blue square.

VR BLAÐIÐ

02 2024

BLAÐSÍÐA 10

Helstu atriði
kjarasamnings

BLAÐSÍÐA 12

Lífeyrissjóðsgreiðslur
eftir 70 ára

BLAÐSÍÐA 14

Baráttan um Ísland
og sjálfstæði þjóðar

BLAÐSÍÐA 26

Ungliðaráð VR



12

FÉLAGSMÁL

- 3**
Leiðari
- 4**
Fréttir
- 9**
Fjármálalæsi ungs fólks
- 14**
Baráttan um Ísland og sjálfstæði þjóðar
- 20**
Fræðsluviðurkenning VR veitt í fyrsta sinn
- 26**
Öflugt Ungliðaráð VR tekur til starfa
- 28**
Niðurskurðarstefna er ekki efnahagsleg nauðsyn
- 30**
Nú er nóg komið!
- 32**
Af vettvangi LÍV
- 36**
Trúnaðarmaðurinn
- 37**
Námskeið fyrir trúnaðarmenn VR
- 38**
Krossgátan

STARFSMENNTAMÁL

- 17**
Starfsþróun
- 22**
Mikilvægi sí- og endurmenntunar
- 23**
Þrjár leiðir til að sækja um styrk í starfsmenntasjóði VR/LÍV



28



36

KJARAMÁL

- 10**
Helstu atriði nýs kjarasamnings
- 12**
Sanngirnismál að endurskoða lífeyrisgreiðslur eftir 70 ára aldur
- 24**
Sterk hreyfing – sterkt samfélag!



Forsíðumynd: Forsíðumyndin er af styttni af Skúla Magnússyni fógeta en nánar er fjallað um styttuna á bls. 25 hér í blaðinu.

VR BLAÐIÐ

2. tbl. 46. árgangur september 2024

Hús verslunarinnar

Kringlan 7

103 Reykjavík

Sími 510 1700

vr@vr.is

www.vr.is

Ábyrgðarmaður

Ragnar Þór Ingólfsson

Ritstjóri

Fjóla Helgadóttir

Ritstjórn

Aðalheiður Rán Prastardóttir

Árdís Birgisdóttir

Fjóla Helgadóttir

Ragnar Þór Ingólfsson

Steinunn Böðvarsdóttir

Victor Karl Magnússon

Umbrot og útlit

Tomas Bolli Hafthorsson

Ljósmyndir

Birgir Ísleifur

Tomas Bolli Hafthorsson

Prentun

Prentmet Oddi

Upplag

14.660

Stjórn VR

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður

Halla Gunnarsdóttir, varaformaður

Ólafur Reimar Gunnarsson, ritari

Bjarni Þór Sigurðsson

Diljá Ámundadóttir Zoega

Harpa Sævarsdóttir

Jennifer Schröder

Jónas Yngvi Ásgrímsson

Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir

Sigríður Lovísa Jónsdóttir

Sigurður Sigfússon

Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir

Tómas Gabríel Benjamin

Vala Ólóf Krisinsdóttir

Þórir Hilmarsson

Arnhjór Sigurðsson

Selma Björk Grétarsdóttir

Þorvarður Bergmann Kjartansson



VR blaðið er Svansvottaður prentgripur.



LEIÐARI FORMANNS

BREYTTIR OG BJARTARI TÍMAR

Í aðdraganda síðustu kjarasamninga fór af stað atburðarrás sem kallar á nýja nálgun í baráttunni fyrir bættum kjörum okkar fólks.

VR er langstærsta stéttarfélag landsins og höfum við síðustu ár og áratugi myndað mörg og ólík bandalög við önnur stéttarfélög og starfsgreinar við gerð kjarasamninga. Fyrir síðustu samninga lögðum við ríka áherslu á að öll félögin á almennum markaði færu fram saman með sameiginlegar kröfur. Við vorum tilbúin að fara fram með hófstílltari hætti en áður vegna þess þrýstings sem Seðlabankinn, með stuðningi ríkisstjórnarinnar, var búinn að leggja á okkar fólk í formi hárra vaxta sem fæst skuldsett heimili ráða við. Við vorum í upphafi tilbúin að fara slíka leið, en með þeim skilyrðum að ströng uppsagnarákvæði þyrfti til að slík leið væri fær af okkar hálfu.

Þegar ljóst var að félagar okkar í bandalagi Breiðfylkingar voru tilbúin að fara þessa leið án þess að tryggja okkur skjóta útgönguleið, gangi markmið samninga ekki eftir, tók samninganefnd VR þá ákvörðun að ganga frá borði. Við töldum óásættanlegt að öll áhættan lægi hjá launafólki.

Það kom á daginn að áhyggjur okkar reyndust réttmætar.

Við vorum reiðubúin að berjast fyrir betri samningum fyrir okkar fólk. Við náðum árangri ein og óstudd, í skugga verkbanns sem sett var á yfir 20.000 VR féлага, sem voru viðbrögð Samtaka atvinnulífsins vegna verkfallsboðunar VR sem náðu til um 200 láglaunastarfa á Keflavíkurflugvelli þar sem gróf brot á reglum um samfelldan dagvinnutíma voru stunduð. Þau störf sem aðgerðir VR náðu yfir voru því aðeins innan við eitt prósent af því sem verkbannt SA náði yfir.

Samtök atvinnulífsins, með stuðningi stjórnvalda og Seðlabankans, náðu þannig samningum við hluta vinnumarkaðarins og notuðu það sem viðmið til að þvinga upp á öll félög með lausa samninga á almennum og opinberum markaði. Þetta er ekki ný aðferðafræði en fljótlega eftir bankahrun hafði verið innleidd samrýmd launastefna í gegnum svokallað SALEK samkomulag, og var mikið gagnrýnd á sínum tíma. Svo mikil var óánægjan að leiða má að því líkur að sú


mikla nýliðun sem orðið hefur á forystu verkalýðshreyfingarinnar síðustu ár sé vegna SALEK og samræmdu launastefnunnar.

En eitthvað þarf að breytast!

Við þurfum að bregðast við þessari stöðu. Þeirri vonlausu stöðu að viðsemjendur okkar geti gert kjarasamning, góðan eða slæman, við aðrar stéttir og talið sig geta beitt því fordæmalausla ofbeldi sem verkbönn eru til að ná sínu fram gagnvart þeim sem sætta sig ekki við þær línur sem lagðar eru af öðrum. Eða þann raunveruleika að sá sem er tilbúinn að sætta sig við minnst, eða gefa mest eftir og taka mestu áhættuna, nær samningum fyrst og svo þurfa allir aðrir að sætta sig við þann hlut.

Þannig gengur það auðvitað ekki.

Þess vegna hefur VR verið í mikilli sókn. Það sem við höfum gert er að við höfum stækkað sem félag og erum að verða fjölbreyttari og öflugri hópur. Með sameiningu við Leiðsögn, félag leiðsögumanna, er VR orðið lykilmfélag í ferðaþjónustunni. Við höfum einnig verið að efla samstarf við erlend systurfélög okkar ásamt því að ganga í Evrópska flutningasambandið. Þetta og margt fleira höfum við gert til að bregðast við nýjum veruleika stéttarféлага sem geta fengið á sig verkbönn séu þau ekki tilbúin að hlýða. Við munum einnig stórefla okkar vinnudeilusjóði til að grípa fólk sem möguleg verkbönn ná yfir. Síðast en ekki síst munum við efla félagið með þeim hætti að við getum staðið ein og óstudd, með eða án bandalaga við önnur stéttarfélög. Við verðum of sterk og of stór til að hægt sé að fella okkur undir samræmda launastefnu. Við verðum ósigrandi afl til bættari kjara okkar fólks.

En nú þurfum við að leita allra leiða til að komast út úr núverandi kjarasamningi, með góðu eða illu! 

Ragnar Þór Ingólfsson,

formaður VR



KOSNINGAR TIL UNGLIÐARÁÐS VR

Rafrænar kosningar til Ungliðaráðs VR fóru fram í maí síðastliðnum. Samkvæmt reglum Ungliðaráðs voru tvær konur og einn karl kjörin. Þau sem kosin voru eru Lára Portal, Sarah Mohammadi og Tómas Guðni Sigurðarson. Fimmtán voru í framboði.

Þá hefur stjórn VR skipað þrjú í Ungliðaráð en þau eru Andrea Rut Pálsdóttir, Mateusz Gabriel Kowalczyk Róbertsson og Þorvarður Bergmann Kjartansson. Jöfn kynjaskipting skal vera í ráðinu. Kjörtímabil þeirra er tvö ár, frá 2024 til 2026.

Sjá nánari umfjöllun um Ungliðaráð á bls. 26 hér í blaðinu. [VR](#)

46. ÞING ALÞÝÐUSAMBANDS ÍSLANDS HALDIÐ Í OKTÓBER

46. málefnaþing Alþýðusambands Íslands verður haldið dagana 16.-18. október næstkomandi og er yfirskrift þingsins „Sterk hreyfing - sterkt samfélag“. Umfjöllunarefni þingsins og helstu áhersluatriði skiptast í þrjá flokka: Auðlindir í þágu þjóðar – varðstaða um sameignir þjóðarinnar, þjónusta í þágu almennings - krafa um bætt aðgengi - horfið frá einkavæðingu og samkeppni í þágu samfélags – sporna gegn fákeppni og einokun.



NIÐURGREIÐSLA Á FERÐAVÖGNUM

VR félagar geta tekið á leigu tjaldvagna, fellihýsi, húsbíla eða hjólhýsi af viðurkenndum leiguaðilum og fengið niðurgreiðslu frá VR gegn framvísun kvittunar. Niðurgreiðslan er 5.000 kr. pr. nótt en þó að hámarki sex nætur fyrir hvert orlofstímabil, hámarksendurgreiðsla er því 30.000 kr. Greitt er eftir að dvöl lýkur gegn fullri greiðslu fyrir vagninn, leigutímabil þarf að koma fram á kvittun. Umsókn um niðurgreiðslu á ferðavagni er að finna á Mínum síðum. Hægt er að sækja um til 20. desember. [VR](#)



VR BÝÐUR UPP Á SKÓLAKYNNINGAR

VR býður áfram upp á skólakynningar fyrir útskriftarhópa í grunn- og framhaldsskólum. Markmið skólakynninganna er að kynna fyrir nemendum helstu réttindi og skyldur á vinnumarkaði. Í kynningunni er farið yfir helstu grunnþætti sem mikilvægt er að ungt fólk þekki þegar það fer út á vinnumarkaðinn sem og hvaða hlutverki stéttarfélagin gegna og þjónustuna sem þau veita. Forsvarsmenn skóla geta fengið frekari upplýsingar og bókað kynningu með því að hringja í þjónustuver VR í síma 510 1700 eða sent tölvupóst á sandra@vr.is. [VR](#)



MUNDU EFTIR FÉLAGSGJALDINU!

Að mörgu er að hyggja þegar fólk missir vinnuna og það getur skipt sköpum fyrir VR félagi að halda áfram að greiða til félagsins. Með því varðveitast áunnin réttindi t.d. í VR varasjóði, starfsmenntasjóðum og Sjúkrasjóði VR. Í umsóknarferlinu um atvinnuleysisbætur þarf því að gæta þess að merkja við VR í sérstöku boxi svo félagsgjaldinu sé skilað til stéttarfélagsins af atvinnuleysisbótum.

Athugið að þegar félagsgjöld hafa ekki borist vegna síðustu sex mánaða falla öll réttindi í starfsmenntasjóði niður. Réttindi í Sjúkrasjóði tapast einnig ef félagsgjöld halda ekki áfram að berast af atvinnuleysisbótum.

Ef VR félagi fær nú þegar greiddar atvinnuleysisbætur og er óviss um hvort verið sé að greiða félagsgjöld til VR er einfalt mál að skrá sig inn á Mínar síður hjá Vinnumálastofnun, velja persónuupplýsingar og bankaupplýsingar, lífeyrissjóð og stéttarfélag og sjá þannig hvort verið sé að greiða til VR. Ef gleymst hefur að merkja við VR í boxinu þar sem stéttarfélag er valið getur VR félagi breytt skráningunni sjálfur þarna undir.

Atvinnuleitendur sem þegar voru félagar í VR þegar þeir misstu vinnuna geta áfram greitt til félagsins af atvinnuleysisbótum og viðhaldið þannig réttindum sínum í sjóðum VR. Hafi atvinnuleitendur ekki verið félagar í VR við upphaf atvinnuleysisbótagreiðslna skulu þeir hafa greitt félagsgjald til VR að lágmarki í 36 mánuði á síðustu 5 árum fyrir umsókn atvinnuleysisbóta til að eiga rétt á því að greiða til félagsins og skapa sér þannig réttindi á ný. [VR](#)

Nánari upplýsingar má finna á undir „Lög og reglugerðir“ á vr.is. Einnig er hægt að hafa samband við þjónustuver VR í síma 510-1700.

Ert þú ekki örugglega með réttar upplýsingar skráðar hjá okkur?

Mikilvægt er að félagsfólk skrái réttar upplýsingar um starfsheiti og vinnutíma á **Mínum síðum** á vr.is

Upplýsingarnar eru nýttar í launarannsókn félagsins sem gefur félagsfólki mikilvæga innsýn í stöðu sína samanborið við aðra í sömu atvinnugrein.



Skannaðu kóðann til að fara á Mínar síður

VR

VR BÝÐUR FÉLAGSFÓLKI SÍNU STARFSÞRÓUNAR-RÁÐGJÖF

VR heldur áfram að bjóða félagsfólki sínu starfsþróunarráðgjöf, eins og síðastliðinn vetur. Starfsþróunarráðgjöfin er í umsjón náms- og starfsráðgjafa hjá Mími símenntun. Viðtölin eru félagsfólki að kostnaðarlausu og fer skráning þeirra fram á vefsíðu VR. Viðtölin eru til þess fallin að veita stuðning og upplýsingar um mögulegar leiðir til frekari starfsþróunar.

Með starfsþróun er átt við mikilvægi þess að vaxa og þróast í starfi. Áherslan er ekki endilega á að skipta um starfsvettvang eða breyta verkefnum heldur fyrst og fremst að móta nýjar aðferðir við að sinna núverandi starfi og verkefnum í síbreytilegu umhverfi og kynna sér þær leiðir sem í boði eru.

Við hvetjum félagsfólk einnig til að kanna hvort verkfærin á Starfsþróunarsíðu VR geti nýst í starfsþróunarvegferð þeirra sem stefna að og hafa áhuga á slíkri framþróun. [VR](#)



SAMEINING DEILDA VR Á SUÐURLANDI

Suðurlandsdeild VR hefur tekið til starfa eftir sameiningu deilda félagsins í Vestmannaeyjum og á Suðurlandi. Sameiningin var samþykkt á ársfundum deildanna í maí og stjórn VR samþykkti í kjölfarið breytingar á starfsreglum á fundi sínum 12. júní 2024.

Deild VR í Eyjum var stofnuð eftir sameiningu VR og Verslunarmannafélags Vestmannaeyja árið 2007 og Deild VR á Suðurlandi var stofnuð eftir sameiningu VR og Verslunarmannafélags Suðurlands árið 2017. Í sameinaðri Suðurlandsdeild VR eru alls um tvö þúsund VR félagar. Markmiðið með sameiningunni er að efla enn frekar þjónustu við félagsfólk á félagssvæði Suðurlandsdeilda.

Engin breyting verður á þjónustu VR við þessa sameiningu, áfram verða reknar skrifstofur í Vestmannaeyjum og á Selfossi með sama sniði og verið hefur og munu þær áfram veita sömu þjónustu. Formaður Suðurlandsdeilda VR er Kolbrún Júlía Erlendsdóttir en í stjórn deildarinnar sitja auk formanns fjórir aðalmenn, þau Ásta Björk Ólafsdóttir, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Ragna Steina Snæfells Lárudóttir og Stefán Viðar Egilsson. Til vara eru Haraldur Pálsson, Drífa Kjartansdóttir og Baldvin Nielsen. Kjörtímabil stjórnar er fjögur ár. [VR](#)




MINNING GUÐMUNDUR H. GARÐARSSON

Nú er fallinn frá öflugur baráttumaður fyrir hagsmunum félagsfólks VR, fyrrverandi formaður félagsins Guðmundur H. Garðarsson. Guðmundur var fyrst kjörinn í stjórn VR árið 1956 en tók ári síðar við formennsku og gegndi henni til ársins 1979. Guðmundur var þannig í forystu félagsins á tímum mikilla breytinga sem fylgdu í kjölfar þess að atvinnurendur gengu út úr félaginu árið 1955 og VR, sem þá hét Verzlunarmannafélag Reykjavíkur, varð stéttarfélag launafólks eingöngu.

Í formennskutíð Guðmundar tók umhverfi launafólks á Íslandi gríðarlegum breytingum og leiddi hann félagið inn í framtíðina. Mörg stór og viðamikil baráttumál komu upp, aðild Landsambands íslenskra verzlunarmanna að Alþýðusambandi Íslands var eitt hið afdrifarkasta en VR var, og er enn, langstærsta félagið innan landssambandsins. VR, undir forystu Guðmundar, barðist fyrir aðild að ASÍ. Það náðist loks í gegn eftir mikla baráttu og þrautseigju en leita þurfti til dómstóla. Þá voru kjaramálin og hagsmunabaráttu verslunarfólks oft á tíðum hörð á þessum árum og mörg réttindamál sem náðust fram. Óhætt er að segja að Guðmundur hafi skilað góðu verki fyrir félagsfólk VR og í raun fyrir launafólk allt.

Guðmundur lét til sín taka í baráttunni fyrir hagsmunum launafólks víðar en í forystu VR. Hann átti sæti í framkvæmdastjórn Landssambands íslenskra verzlunarmanna, sat í miðstjórn Alþýðusambands Íslands til margra ára og í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna þar sem hann gegndi formennsku í nokkur ár.

Guðmundur var sæmdur gullmerki VR á aðalfundi félagsins árið 1980 fyrir störf sín í þágu félagsins og félagsfólks og var gerður að heiðursfélaga ári síðar. VR þakkar Guðmundi mikið og óeingingjarnt starf í þágu félagsfólks VR. 

Rafrænir hádegis- fyrirlestrar VR

Hádegisfyrirlestrar VR
eru aðgengilegir á
Mínum síðum undir
viðburðir.



Skannaðu kóðann til að fara
á Mínar síður

VR

VR OG LEIÐSÖGN SAMEINAST

VR og Leiðsögn – félag leiðsögumanna hafa skrifað undir samning um sameiningu félaganna sem mun taka gildi að fullu vorið 2025, að fengnu samþykki aðalfunda félaganna. Með þessari sameiningu stefna bæði félög að því að styrkja stöðu leiðsögufólks á vinnu- markaði og starfsfólks í ferðaþjónustu almennt sem hefur fjölgað gríðarlega síðustu ár.

VR annast rekstur Leiðsagnar fram að sameiningu félaganna samkvæmt rekstrarsamningi og verður Leiðsögn rekið sem sjálfstætt félag þangað til. Þjónusta við félagsfólk Leiðsagnar verður með óbreyttum hætti að stærstum hluta fram að sameiningu, með þeirri undantekningu að sérfræðingar kjaramálasviðs VR munu veita félagsfólki Leiðsagnar alla þjónustu varðandi kjaratengd mál og réttindi þeirra á vinnumarkaði. [VR](#)



ÆVINTÝRI Í JÓLASKÓGI MEÐ VR

VR gefur félagsfólki sínu tækifæri til að upplifa ævintýraferð í Jólaskógi í aðdraganda jólahátíðarinnar í ár. Félagsfólk getur valið um að koma dagana 10., 13. eða 14. desember en með því að dreifa skemmtuninni á nokkra daga gefst fleirum tækifæri til að njóta en ella.

Að sýningunni standa jolasveinar.is og hefur VR tryggt sýningar fyrir félagsfólk sitt af ofantöldum dagsetningum. Miðar verða seldir með afslætti og kostar miðinn einungis 500 kr. Miðasala hefst í lok október og verður sérstaklega auglýst á vef VR. Hámarksmiðafjöldi fyrir hvern VR féлага 6 stk. Athugið að miðafjöldi er takmarkaður.

Ævintýri í Jólaskógi er sýning þar sem áhorfendur ganga í litlum hópum um skóginn í Guðmundarlundi og hitta á ferðum sínum persónur úr uppáhalds jólafjölskyldu okkar Íslendinga, þau Grýlu, Leppalúða, jólasveinana og tröllasystkini þeirra. Sýningar hefjast á 10 mínútna fresti og byrja ekki fyrr en farið er að skyggja.

Gönguferðin tekur tæpan klukkutíma og að henni lokinni geta áhorfendur fengið mynd af sér með jólasveini auk þess sem boðið er upp á heitt kakó og piparkökur. Áhorfendur eru beðnir að klæða sig eftir veðri, koma vel skóaðir og með vasaljós en öll þessi atriði eru nauðsynleg til að hægt sé að njóta sýningarinnar til hins ítrasta.

Sýningin er hugsuð fyrir börn fjögurra ára og eldri en að sjálfsögðu eru öll velkomin. Athugið að gönguleiðin er þó ekki fær kerrum eða hjólastólum. Frítt er fyrir tveggja ára og yngri. Einnig er óskað eftir að hundar séu ekki með í för, bæði svo þeir trufla ekki sýninguna eða aðra gesti. [VR](#)



VR OPNAR ENDURBÆTTAR MÍNAR SÍÐUR

VR hefur opnað endurbættar Mínar síður á vef sínum vr.is. Endurbæturnar miða að því að gera Mínar síður enn notendavænni en áður og umsóknarferlið skýrara og einfaldara. Þá er fyrirhugað að opna pósthólf þar sem félagsfólk fær send skilaboð frá félaginu varðandi réttindi þess og varðandi stöðu umsókna. Við hvetjum félagsfólk til að skrá sig inn á Mínar síður og athuga málið.



VR TEKUR VIRKAN ÞÁTT Í AÐ AUKA FJÁRMÁLALÆSI UNGS FÓLKS

Það að skilja fjármál, þekkja helstu hugtök og vera meðvituð um hvernig hlutirnir virka á vinnumarkaðnum skiptir miklu máli fyrir velsæld einstaklinga.

Samkvæmt könnun Gallup og Samtaka fjármálafyrirtækja, sem gerð var fyrr á árinu er fjármálalæsi ungs fólks hér á landi of lítið og algeng skoðun að ungmenni ættu að læra um efnið á grunn- og framhaldsskólastigi.

VR hefur lengi lagt sitt af mörkum í fjármálalæsi ungs fólks og hefur boðið upp á kynningar um réttindi og skyldur á vinnumarkaðnum fyrir grunn- og framhaldsskóla í yfir 20 ár. Á síðasta skólaári heimsótti VR 70 grunnskóla á félagssvæðum sínum og hélt kynningu um réttindi og skyldur fyrir u.þ.b. 4.500 nemendur í 10. bekk. Kynning VR er orðin fastur liður í mörgum skólum en 98% grunnskóla á stórhöfuðborgarsvæðinu og Vesturlandi fengu kynningu. Á Suðurnesjum fengu 70% grunnskóla kynningu, 73% grunnskóla á Suðurlandi og 58% grunnskóla á Austurlandi. Markmið kynninganna er að fræða

ungt fólk og valdefla svo það sé meðvitaðra um rétt sinn og ólíklegra að það verði beitt það á vinnumarkaðnum. Nokkrir framhaldsskólar fengu einnig kynningu fyrir útskriftarhópa sína eða 40% af öllum framhaldsskólum á landinu. Það hefur verið vinsælla hjá framhaldsskólunum að fara í gegnum VR-Skóla lífsins en það er netnám sem fer yfir allt það helsta varðandi réttindi og skyldur á vinnumarkaðnum, ásamt góðum ráðum fyrir atvinnuleit, samskipti á vinnustað og fleira gagnlegt. Á síðasta skólaári fóru 834 nemendur í 12 framhaldsskólum í gegnum netnámið. VR-Skóli lífsins fagnar 10 ára afmæli árið 2024 og hefur verið með afmælisleik í gangi fyrir þá nemendur sem klára netnámið árið 2024. Til að vera með í leiknum þurfa nemendur að klára örstutta könnun um efnið eftir að hafa farið í gegnum netnámið en 92% svarenda segir að þau telji að VR-Skóli lífsins muni nýtast þeim vel. [vnr](#)

HELSTU ATRIÐI NÝS KJARASAMNINGS

VR og Samtök atvinnulífsins undirrituðu kjarasamning í vor sem gildir til loka janúar 2028. Samningurinn er langtímasamningur, ólíkt því sem samið var um í nóvember 2022.

Markmið nýs samnings er að stuðla að minnkun verðbólgu og lækkun vaxta. Jafnframt er vilji til að auka kaupmátt launafólks, skapa fyrir-sjáanleika í efnahagslífinu, draga úr verðbólguvæntingum og styrkja samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Þessu til stuðnings kynntu stjórnvöld aðgerðarpakka í mars 2024 til að koma til móts við aðila vinnumarkaðsins og liðka þannig til við samningagerð. Í aðgerðarpakka ríkisstjórnarinnar var meðal annars lofað að skólamáltíðir grunnskóla yrðu frjár, sérstakar vaxtabætur yrðu greiddar út í sumar og húsnæðisbætur hækkaðar.

Nýr samningur var undirritaður í mars en samkvæmt honum hækkuðu mánaðarlaun félagsfólks að lágmarki um 3,25% frá og með 1. febrúar síðastliðnum eða a.m.k. 23.750 kr. á mánuði. Kauptaxtar lágmarkslauna tóku þó meiri hækkunum.

Næstu launahækkanir verða frá 1. janúar ár hvert út samningstímann:

1. febrúar 2024: 3,25% eða 23.750 kr.

1. janúar 2025: 3,50% eða 23.750 kr.

1. janúar 2026: 3,50% eða 23.750 kr.

1. janúar 2027: 3,50% eða 23.750 kr.

Sjá kauptaxta lágmarkslauna á <vris/kjaramal/laun>

ORLOF

Fyrir hverja samningalotu var gerð könnun meðal félagsfólks um áherslur í viðræðunum. Undanfarin ár hefur verið skýr krafa frá félagsfólki að orlofsréttur starfsfólks á almennum vinnumarkaði sé hinn sami og orlofsréttur opinbers starfsfólks, eða 30 daga uppsöfnun á hverju orlofsári. Ekki náðist sú krafa en undirrituð var tvíþætt aukning á orlofsrétti sem annars vegar tók gildi 1. maí síðastliðinn en hins vegar 1. maí 2025.

BREYTING SEM TÓK GILDI 1. MAÍ 2024 - TIL TÖKU SUMARIÐ 2025

Samkvæmt orlofslögum og kjarasamningi var lágmarksorlofsréttur starfsfólks 24 dagar eða 10,17% orlofslaun. Sá lágmarksréttur er óbreyttur en inn kemur nýtt þrep þar sem starfsfólk sem unnið hefur í 6 mánuði hjá sama fyrirtæki og náð hefur 22 ára aldri eða klárað hefur framhaldsskólapróf á rétt til 25 orlofsdaga á ári eða 10,64% orlofslauna. Þá bættist einnig við þrep þar sem starfsfólk sem unnið hefur í 10



ár í sömu starfsgrein á rétt til 27 orlofsdaga eða 11,59% orlofslauna. Hér skiptir þá ekki máli hversu lengi starfsfólk hefur unnið hjá sama fyrirtæki heldur hve lengi það hefur unnið í sinni starfsgrein. Þá er mikilvægt að benda félagsfólki á að ef það telur sig hafa náð þessum aukna orlofsrétti að atvinnurekandi getur farið fram á staðfestingu á því. Er það þá starfsfólksins að leggja fram staðfestingu á starfstíma sínum hjá öðrum fyrirtækjum.

Áður þurfti starfsfólk að hafa unnið í 10 ár hjá sama fyrirtæki til að öðlast 30 daga orlofsrétt (13,04% orlofslaun) en eftir undirritun nýs samnings fær það 30 daga orlofsrétt eftir að hafa unnið í 7 ár hjá sama fyrirtæki.

Þá breyttist einnig hve lengi starfsfólk þarf að hafa unnið hjá nýju fyrirtæki til að endurnýja áunninn orlofsrétt sinn hjá eldra fyrirtæki. Samkvæmt eldri kjarasamningi þurfti starfsfólk að hafa unnið í þrjú ár hjá nýju fyrirtæki til endurnýjunar áunnins orlofsréttis en hefur sá tími verið stytur niður í tvö ár. Þetta þýðir að hafi starfskraftur til dæmis unnið hjá fyrirtæki A í 10 ár og því áunnið sér 30 daga orlofsrétt, hættir og hefur störf hjá fyrirtæki B, þá fær hann aftur 30 daga

orlofsrétt að tveimur árum liðnum hjá fyrirtæki B. Þennan rétt getur þó þurft að sannreyna, það er starfskraftur getur þurft að sýna fram á að hann hafi áunnið sér réttinn hjá fyrirtæki A, fari fyrirtæki B fram á slíka staðfestingu.

BREYTING ER TEKUR GILDI 1. MAÍ 2025 – TIL TÖKU SUMARIÐ 2026

Orlofsréttur fyrir starfsfólk er unnið hefur í 5 ár í sömu starfsgrein verður lengdur næsta vor. Áður var orlofsrétturinn 25 dagar (10,64% orlofslaun) en verður 26 dagar (11,11% orlofslaun).

Starfsfólk er hefur unnið í 4 ár hjá sama fyrirtæki eða 10 ár í sömu starfsgrein fær 28 daga orlof (12,07% orlofslaun) og vinna þarf hjá sama fyrirtæki í 6 ár til að öðlast 30 daga orlofsrétt (13,04% orlofslaun).

RÉTTURINN TIL AÐ AFTENGJAST

Með aukinni tækni hefur ýms fjarvinna s.s. heimavinna færst í aukana. Gerir það að verkum að skilin milli vinnu og einkalífs geta orðið óskýr. Í síðasta tölublaði VR blaðsins var fjallað um greiðslur sem verða af ýmsum útköllum að vinnu lokinni og bakvöktum þar sem starfsfólki ber að hafa síma og vera til taks að hefðbundinni vinnu lokinni.

Mörkin þurfa að vera skýr á milli vinnu og einkalífs til að stuðla að heilsusamlegu vinnuumhverfi og því var krafa félagsins að starfsfólk ætti rétt til að aftengjast vinnu sinni að vinnudegi loknum. Var því bókun bætt við 6. kafla kjarasamnings þar sem því er komið á framfæri að atvinnurekendur og starfsfólk eigi með sér gott samstarf í þessum efnun og komi sér saman um æskileg viðmið um réttinn til að aftengjast.

FJARVINNA

Sérstök grein um fjarvinnu kom inn í 2. kafla kjarasamningsins. Þar er kveðið á um að fjarvinna geti verið hluti af ráðningarfyrirkomulagi aðila. Þjóði fyrirtæki upp á fjarvinnu er æskilegt að það setji sér fjarvinnustefnu byggða á leiðbeiningum Vinnueftirlits ríkisins. Sé um reglubundna fjarvinnu að ræða eða starfi starfsfólk eingöngu í fjarvinnu skal um það gert sérstakt samkomulag sem verður þá hluti af ráðningarsamningi aðila. Hægt er að sjá sniðmát fyrir fjarvinnu í nýjum kjarasamningi og á vefsíðu VR, vr.is/kjaramal/vinnutimi/fjarvinna

KAUPTAXTAAUKI

Samið var um að haldi kjarasamningur gildi sínu skuli launa- og forsendunefnd úrskurða um sérstakan kaup-taxtauka, sýni launavísitala Hagstofu Íslands fyrir almennan vinnumarkað að laun hafi hækkað umfram hækkun lægstu kaup-taxta.

FRAMLEIÐNIAUKI

Samið var um að aukist framleiðni um meira en 2% á árunum 2025 og 2026 mun launafólk fá hlutdeild í þeirri verðmætaaukningu í formi sérstaks framleiðniauka, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

FORSENDUR

Forsendur samningsins eru meðal annars að 12 mánaða verðbólga mælist ekki yfir 4,95% í ágúst 2025 og að lagabreytingar sem ríkisstjórnin hétu í vor hafi náð fram að ganga. Sérstök nefnd, skipuð af fulltrúum SA og ASÍ, gætir þess að forsendur séu uppfylltar og metur nefndin jafnframt hver viðbrögð við forsendubresti skuli vera. [VR](#)

Sérstök grein um fjarvinnu kom inn í 2. kafla kjarasamningsins. Þar er kveðið á um að fjarvinna geti verið hluti af ráðningarfyrirkomulagi aðila. Þjóði fyrirtæki upp á fjarvinnu er æskilegt að það setji sér fjarvinnustefnu byggða á leiðbeiningum Vinnueftirlits ríkisins.

Orlof í eldri samningi

Lágmarksorlof	Eftir 5 ár í sömu starfsgrein	Eftir 5 ár í sama fyrirtæki	Eftir 10 ár í sama fyrirtæki
24 dagar	25 dagar	27 dagar	30 dagar
10,17% orlofslaun	10,64% orlofslaun	11,57% orlofslaun	13,04% orlofslaun

Orlof frá 1. maí '24 - til töku sumar 2025

Lágmarksorlof	Eftir 6 mánuði í sama fyrirtæki + 22 ára + eða með framhaldsskólapróf	Eftir 5 ár í sömu starfsgrein	Eftir 5 ár í sama fyrirtæki eða 10 ár í sömu starfsgrein	Eftir 7 ár í sama fyrirtæki
24 dagar	25 dagar	25 dagar	27 dagar	30 dagar
10,17% orlofslaun	10,64% orlofslaun	10,64% orlofslaun	11,59% orlofslaun	13,04% orlofslaun

Orlof frá 1. maí '25 - til töku sumar 2026

Lágmarksorlof	Eftir 6 mánuði í sama fyrirtæki + 22 ára + eða með framhaldsskólapróf	Eftir 5 ár í sömu starfsgrein	Eftir 4 ár í sama fyrirtæki eða 10 ár í sömu starfsgrein	Eftir 6 ár í sama fyrirtæki
24 dagar	25 dagar	26 dagar	28 dagar	30 dagar
10,17% orlofslaun	10,64% orlofslaun	11,11% orlofslaun	12,07% orlofslaun	13,04% orlofslaun

SANNGIRNISMÁL AÐ ENDURSKOÐA GREIÐSLUR IÐGJALDA EFTIR 70 ÁRA ALDUR

Lífeyrissjóðir gegna veigamiklu hlutverki í íslensku samfélagi. Áunnin lífeyrisréttindi eru forsendur þess að vinnandi fólk geti farið á eftirlaun og búið við fjárhagslegt öryggi á efri árum.

Bróðurhluti þeirra réttinda sem starfsfólk vinnur sér inn í lífeyrissjóðum kemur í gegnum móttframlag atvinnurekenda. Atvinnurekendum ber samkvæmt lögum að greiða 11,5% af launum starfsfólks í sameignarsjóð auk 2% í séreignarsjóð, sé þess óskað. Réttur launafólks til þessa móttframlags er þannig lykilkþáttur í hinu íslenska vinnu- markaðsmódeli og ein af undirstöðum velferðarkerfisins.

Gloppa í lagaumhverfi lífeyrissjóða hefur hins vegar leitt til þeirrar stöðu að hópur fólks á íslenskum vinnumarkaði fær ekki að njóta þessara mikilvægu og sjálfsagðra réttinda. Það er þau sem eru eldri en 70 ára. Flest hefja töku ellilífeyris við 67 ára aldur en almenna reglan er sú að taka lífeyris geti hafist á aldrinum 60 til 70 ára. Hins vegar eru æ fleiri sem kjósa að vinna eftir sjötugt, ýmist til þess að viðhalda samfélagslegri virkni eða af fjárhagslegri nauðsyn, en þessi hópur, ólíkt öðrum, á ekki rétt á móttframlagi atvinnurekanda í lífeyrissjóð eins og fram kemur í lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda:

„Öllum launamönnum og þeim sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi er rétt og skylt að tryggja sér lífeyrisréttindi með aðild að lífeyrissjóði frá og með 16 ára til 70 ára aldurs“. (lög nr. 129/1997, 1. gr., 3. m.gr.)

Við 70 ára aldur lækkar þannig launakostnaður atvinnurekanda verulega þar sem ekki lengur þarf að greiða 11,5% móttframlag af launum og 6,35% tryggingargjald af því móttframlagi. Í heildina nemur lækkun launakostnaðar atvinnurekanda því um 11,73% eða um 10,17% sé ekki tekið tillit til séreignar. Í þessu felst síðan auðvitað samsvarandi skerðing á kjörum þeirra sem eru virk á vinnumarkaði eftir 70 ára aldur.

Eftirfarandi dæmi sýnir hvernig kjör einstaklings með 620.000 í mánaðarlaun skerðast eftir 70 ára aldur, þegar skylda atvinnurekanda til að greiða móttframlag í lífeyrissjóð fellur niður:

Tafla 1 sýnir sundurliðun á launum og launatengdum gjöldum hjá einstaklingi sem er undir 70 ára aldri með mánaðarlaun upp á 620.000.

Kostnaður vegna starfskrafts undir 70 ára aldri

Laun	620.000	
Lögbundinn lífeyrissjóður	71.300	11,50%
Framlag í séreignarsjóð	12.400	2,0%
Tryggingagjald	44.685	6,35%
Stéttarfélag	10.230	1,65%

Laun og launatengd gjöld samtals 758.615

Tafla 1: Laun og launatengd gjöld hjá starfskrafti undir 70 ára aldri með 620.000 kr. í mánaðarlaun.

Kostnaður vegna starfskrafts 70 ára eða eldri

Laun	620.000	
Lögbundinn lífeyrissjóður	0	0,00%
Framlag í séreignarsjóð	0	0,00%
Tryggingagjald	39.370	6,35%
Stéttarfélag	10.230	1,65%

Laun og launatengd gjöld samtals 669.600

Tafla 2: Laun og launatengd gjöld hjá starfskrafti 70 ára eða eldri með 620.000 kr. í mánaðarlaun.

Tafla 2 sýnir sömu sundurliðun fyrir einstakling sem hefur náð 70 ára aldri. Í þessu tilfelli sparar launagreiðandinn sér 89.015 krónur á mánuði eða 11,73% með niðurfellingu móttframlags í sameigna- og séreignarsjóð og starfskrafturinn verður fyrir samsvarandi tjóni.

TVÆR TILLÖGUR AÐ BREYTINGUM

Það er rökleysa að svipta fólki réttindum á vinnumarkaði við 70 ára aldur. Hópurinn sem stendur utan gildissviðs laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda fer stækkandi og mun vaxa samhliða öldrun þjóðarinnar. VR telur því afar brýnt að rétta kjör þeirra sem kjósa að vinna lengur og leggja sitt af mörkum til samfélagsins.

Það er rökleysa að svipta fólki réttindum á vinnumarkaði við 70 ára aldur. Hópurinn sem stendur utan gildissviðs laga um skylduþryggingu lífeyrisréttinda fer stækkandi og mun vaxa samhliða öldrun þjóðarinnar. VR telur því afar brýnt að rétta kjör þeirra sem kjósa að vinna lengur og leggja sitt af mörkum til samfélagsins.

VR gerir þá kröfu að önnur hvor af eftirfarandi tveimur leiðum verði farin til þess að leiðrétta kjör starfsfólks sem náð hefur 70 ára aldri:

- 3. mgr. 1. gr. laga nr. 129/1997 verði breytt þannig að lífeyrisgreiðslur falli ekki niður við 70 ára aldur. „Við 70 ára aldur fara allar lífeyrisgreiðslur inn í séreignisjóð“. (Leið 2)

EÐA

- Við 70 ára aldur fær starfsfólk, sem ekki greiðir lengur iðgjald í lífeyrissjóð, launahækkun sem nemur kostnaði atvinnurekenda við mótframlag í lífeyrissjóð starfskraftsins sem fellur niður við 70 ára aldur skv. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 129/1997. (Leið 1)

NÁNAR UM HVORA LEIÐ

LEIÐ 1

Leið 1 felur í sér lagabreytingu sem VR telur eðlilega. Við setningu laga um skylduþryggingu lífeyrisréttinda var það e.t.v. ekki fyrir séð að fólk myndi kjósa að vinna eftir sjötugt, sem er þó raunin. Með því að útvíkka gildissvið laganna væri þannig verið að festa í sessi rétt vinnandi fólks til þess að fá greitt í lífeyrissjóð og njóta fjárhagslegs öryggis á sínum efri árum. Slík breyting væri í anda þess sem lögin áttu upphaflega að tryggja og myndi draga úr mismunun á vinnumarkaði.

LEIÐ 2

Leið 2 leiðréttr sama misrétti án aðkomu löggjafans, með því að


tryggja að starfsfólk sem fær ekki lengur mótframlag greitt í lífeyrissjóð verði ekki fyrir fjárhagslegu tjóni. Þetta er gert með launahækkun sem er stillt af til þess að laun og launatengd gjöld sem atvinnurekandi greiðir séu óbreytt eftir 70 ára aldur, að teknu tilliti til breytinga á iðgjaldi til stéttarféлага og tryggingargjalda. Taflan fyrir neðan sýnir hvernig hægt væri að útfæra slíka launahækkun, fyrir einstakling með sömu laun og í dæminu að ofan:

Kostnaður vegna starfskrafts 70 ára eða eldri

Laun	702.421	
Lögbundinn lífeyrissjóður	0	0,00%
Framlag í séreignarsjóð	0	0,00%
Tryggingagjald	44.604	6,35%
Stéttarfélag	11.590	1,65%

Laun og launatengd gjöld samtals 758.615

Tafla 3: Laun og launatengd gjöld hjá starfskrafti 70 ára eða eldri eftir leiðréttingu, sem var áður með 620.000 kr. í mánaðarlaun.

Tafla 3 sýnir sundurliðun launa og launatengdra gjalda hjá einstaklingi sem var með 620.000 kr. í mánaðarlaun fyrir 70 ára aldur, en hefur fengið launahækkun til að bæta upp þá skerðingu sem felst í brottfalli mótframlags í lífeyrissjóð. Atvinnurekandi greiðir jafnháa samtölu og áður í laun og launatengd gjöld, eða 758.615 krónur. 





Ragnar Þór Ingólfsson
Formaður VR

BARÁTTAN UM ÍSLAND OG SJÁLFSTÆÐI ÞJÓÐAR

Enn og aftur stöndum við frammi fyrir manngerðum hörmungum sem dynja yfir skuldsett heimili og leigu-markaðinn. Atburðarás sem virðist vera hönnuð af gæslufólki fjármagns og sérhagsmuna til að komast yfir sem mest af eignum og tekjum almennings.

Skaðinn er að miklu leyti skeður en spurningin er hversu mikil fórnin verður því ljóst er að margir munu verða undir í baráttunni við að halda í þak yfir höfuðið. Frá því núverandi ríkisstjórn tók við völdum höfum við barist fyrir átaki í húsnæðismálum, réttarbót fyrir leigjendur og sanngjarnari húsnæðislánamarkaði með banni á verðtryggðum Íslandslánum. Öllu fögru hefur verið lofað og meira til því við náðum samkomulagi við stjórnvöld um öll þessi atriði með kjarasamningum árið 2019. Rúmlega fimm árum síðar hefur ríkisstjórninni ekki aðeins tekist að svíkja kjósendur sína og samninga við verkalýðshreyfinguna heldur hefur henni tekist að gera stöðuna enn verri en hún þó var.

En þarf þetta að vera svona? Af hverju gengur samanburðarlöndum okkar betur að ná árangri á öllum sviðum? Svárið er auðvitað einfalt, stjórnarflokkarnir eru í vinnu fyrir fjármagnið og sérhagsmunaöflin og hafa hvað eftir annað fórnað mikilvægum hagsmunum fólksins í landinu.

Ef við snúum okkur að Seðlabankanum þá er sömu sérhagsmunum tíðrætt um mikilvægi sjálfstæðis Seðlabankans í öllum sínum ákvörðunum. En hvað um sjálfstæði Alþingis og sjálfstæði þjóðarinnar? Verkalýðshreyfingin var kúguð til fara í einu og öllu eftir tilmælum Seðlabankans og nú er ríkisstjórnin að leggja fram fjárlög sem fara í einu og öllu eftir „tilmælum“ Seðlabankans. Fjárlög sem innihalda niðurskurð á uppbyggingu mikilvægra innviða og enn frekari sultaról á grunnstoðir velferðarkerfisins.

Hversu mikilvægt er sjálfstæði Seðlabankans á móti sjálfstæði heillar þjóðar og hver verður fórnarkostnaður þjóðarinnar í að verja sjálfstæði eins manns og einnar stofnunar? Mun það kosta fjárhagslegt sjálfstæði tugþúsunda, sem allt stefnir í? Mun það kosta sjálfstæð mannlíf á ónýtum þjóðvegum eða í fjárseltu heilbrigðiskerfi? Mun það kosta sjálfstæð líf þeirra sem þola ekki álagið sem fylgir fjárhagslegri óvissu og síversnandi líf skjörum? Mun það kosta sundrunu sjálfstæðra fjölskyldna og framtíð barna þeirra?

Hið sorglega er að gerast og enn sorglega er að við virðumst ekki hafa lært nokkurn skapaðan hlut á heilu bankahrúni. Svo lítið höfum

við lært að ríkisstjórn Íslands skipaði einn af höfundum þess í stöðu einræðisherra sem hefur sjálfstæði heillar þjóðar í höndum sér.

Við skrifuðum undir hófstilla langtímakjarasamninga snemma í vor undir þrýstingi og kúgun seðlabankastjóra sem þreyttist ekki á að undirstrika að það væri undir launafólki komið hvort hægt væri að ná niður verðbólgu og lækka vexti. Og það þrátt fyrir að ekki hafi tekist að sýna fram á fylgni á milli verðbólgu og launahækkana, hvað sem líður ítrekuðum tilraunum helstu sérfræðinga. Við svöruðum kallinu nauðbeygð. En auðvitað breyttist ekkert, það komu bara nýjar og nýjar afsakanir fyrir því að lækka ekki vexti. Allt stefnir nú í að fórnarkostnaður hávaxtastefnu Seðlabankans verði skuldsettum heimilum og fyrirtækjum ofviða því ekkert bendir til þess að lát verði þar á.

Ef rýnt er í hagtölur Hagstofunnar síðustu ár má sjá lið fyrir lið helstu áhrifaþætti hárrar verðbólgu á Íslandi. Þar ber hæst húsnæðisverð sem hefur verið megindrífkraftur verðbólgu síðustu ár og áratugi. Vandinn er tvíþættur, annars vegar framboðið og hins vegar eftirspurnin. Þrátt fyrir að legið hafi ljóst fyrir að stórauka þurfi framboð á húsnæði hafa stjórn málin algerlega brugðist. Við erum að fara í öfuga átt því dregið hefur verulega úr framboði af nýbyggingum, þrátt fyrir fögur fyrirheit um hið gagnstæða. Í staðinn hefur húsnæðismarkaðurinn verið braskvæddur með þeim hætti að útilokað er að byggja hagkvæmar íbúðir á þéttingareitum eða keppa við fjárfesta um lóðir sveitarfélaga, lóðir og byggingarétti sem ganga kaupum og sölum þangað til búið er að kreista út allt það fjármagn sem markaðurinn leyfir. Eftir standa svo tómar lóðir og óbyggðir reitir

Stjórn málin og Seðlabankinn starfa eftir ákveðnum hagfræðikenningum, kenningum sem löngu hafa runnið sitt skeið og eru í besta falli söguleg áminning um misheppnaða og skaðlega innleiðingu nýfrjálshyggjunnar.



Það blasir við öllum þeim sem tilbúnir eru að rýna í tölur og staðreyndir að verðbólga á Íslandi er að stærstum hluta heimatilbúin í bland við ytri aðstæður sem við fáum litlu ráðið um. En það sem hagstjórnin hér ber ábyrgð á þarf að viðurkenna.

sem ekki verður byggt á fyrr en leiguverð er komið í slíkar hæðir að dæmið gengur upp fyrir braskarann.

Svo er það framboðshliðin. Þar ber Seðlabankinn alla sök því bankinn bjó til áhlaup á fasteignamarkaðinn með lágvaxtastefnu sinni og sagði lága vexti komna til að vera. Þetta var gert án mótvægisáðgerða eins og kvaða um styttri lánstíma húsnæðislána eða annara kvaða á útlánþenslu bankanna til húsnæðiskaupa. Ekki var gerð minnsta tilraun til að liðka fyrir frekari uppbyggingu til að auka framboð á móti mikilli eftirspurn. Ef einhver hefði átt að vita hvaða skelfilegu afleiðingar þetta hefði í för með sér var það Seðlabankinn. En var þetta allt með ráðum gert? Hvaðan kemur seðlabankastjóri?

Ásgeir Jónsson var forstöðumaður greiningardeildar og aðalhaf-fræðingur Kaupþings og síðar Arion banka á árunum 2004–2011. Þetta var á þeim tíma þegar stóra markaðsbólan á húsnæðismarkaði blés út vegna 90% lánanna sem þá voru innleidd. Það leiddi til gríðarlegrar eftirspurnar án nokkurra mótvægisáðgerða. Ásgeir vann síðar greiningu á íslenskum húsnæðismarkaði fyrir GAMMA árið 2011 en í kjölfarið hóf fyrirtækið stórfelld uppkaupt á íbúðarhúsnæði sem svo varð grundvöllurinn að stofnun Almenna leigufélagsins, síðar Alma. Uppkaupin voru að stórum hluta eignir sem voru hirtar af fólki sem stóð ekki undir stökkbreyttum lánunum í eftirmálum bankahrunsins, m.a. eignasófn Íbúðalánasjóðs. Það er því leitun að sérfræðingum á Íslandi sem hafa meiri þekkingu á sveiflum á fasteignamarkaði og skelfilegum afleiðingum þeirra en Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri, sem var nýlega skipaður til fimm ára í viðbót af ríkisstjórn Íslands.

Það er því ekki ofsagt að seðlabankastjóra ætti að vera fullkunnugt um mögulegar afleiðingar lágvaxtastefnu án mótvægisáðgerða, helsta drifkrafti verðbólgu síðustu ár. Og til að bæta gráu ofan á svart kom fram í máli varaseðlabankastjóra á fundi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis fyrr á árinu að það væri stefna bankans að draga úr framboði á húsnæði.

Fyrir hverja vinnur þetta fólk?

Á aðra áhrifaþætti verðbólgu á Íslandi eins og heimsfaraldur og stríðsátök með tilheyrandi orkuskort í Evrópu og bresti í virðisæðjum, innflutt verðbólga, hafa stýrivextir á Íslandi auðvitað engin áhrif.

Það blasir við öllum þeim sem tilbúnir eru að rýna í tölur og staðreyndir að verðbólga á Íslandi er að stærstum hluta heimatilbúin í bland við ytri aðstæður sem við fáum litlu ráðið um. En það sem hagstjórnin hér ber ábyrgð á þarf að viðurkenna.

Í Svíþjóð voru launahækkningar til starfsfólks í verslunum hærrí en kjarasamningar á íslenskum vinnumarkaði. Stýrivextir þar fóru hæst í 4% og húsnæðisvextir í 4,4% á meðan verðbólga fór hæst í 12,3%. Stýrivextir hafa lækkað í Svíþjóð þrisvar sinnum á stuttum tíma og eru komnir í 3,25%. Í Þýskalandi voru verslunarmannafélögin að ganga frá kjarasamningum sem skila um 15% launahækkunum í þriggja ára samningi. Og hvernig hefur þeim gengið í baráttunni við verðbólguna? Og svona mætti lengi telja. Raunstýrivextir á Norðurlöndunum hafa svo verið meira og minna neikvæðir síðastliðin 10 ár. Ársverðbólga mælist nú um 2,4% á Evrusvæðinu. »



Að aga launafólk er gert með fjárhagslegum klyfjum í gegnum t.d. lán, leigu, vexti og verðlag og skera niður nauðsynlega grunnþjónustu og einkavæða. Að draga úr mætti fjöldahreyfinga á borð við verkalýðsfélög, afregluvæða markaði, veikja eftirlit og samkeppni.

En af hverju er þetta svona í okkar ríka landi?

Hagstjórnin byggir á peningahagfræði sem snýst fyrst og fremst um að verja fjármagnið, sérhagsmuni og fjármálakerfið. Þegar hinir ýmsu talsmenn ofangreindra afla vitna í hagvísa og samanburð þá er það fyrst og fremst frá sjónarhóli og hagsmunum þeirra sjálfra. Það gengur auðvitað ævintýralega vel hjá bönkunum og á mörkuðum, og þeir sem eiga mest hafa sjaldan haft það betra.

Stjórn málin eru söm við sig og leggja sitt af mörkum. Þau eru búin að gefa auðhringjum firðina okkar og útgerðarelítan malar gull á sameign þjóðarinnar. Forgangsverkefni eru að selja Íslandsbanka og skera niður innviði og grunnþjónustu eftir forskrift Seðlabankans. Og svo reyna þau að sannfæra okkur um að það sé orkuskortur svo einkaaðilar fái að virkja.

Stjórn málin og Seðlabankinn starfa eftir ákveðnum hagfræðikenn-ingum, kenningum sem löngu hafa runnið sitt skeið og eru í besta falli söguleg áminning um misheppnaða og skaðlega innleiðingu nýfrjálslyggjunnar. Okkur er talin trú um að það sé aðeins einn annar valkostur í stöðunni sem sé verri en það sem er predikað yfir okkur alla daga. Málið er ekki svo einfalt. Auðvitað ekki! Því hagfræðin byggir að mestu á kenningum, ólíkum kenningum sem fæstar hafa staðist þegar á reynir. Í eftirmála bankahrunsins kom það einmitt í ljós að þær kenningar sem seðlabankar heimsins og hagkerfin unnu eftir stóðust ekki nokkra skoðun. En hér er þeim enn hampað sem lögmálum sem aldrei megi víkja frá ef ekki á illa að fara.

Kenningar eru ekki lögmál

Við getum kallað núverandi stefnu stjórnvalda og Seðlabankans niðurskurðarstefnu eða sveltistefnu sem í grunninn kemur aga á vinnandi fólk, almenning, en styrkir og hampar þeim ríku. Þessi stefna


byggir á kenningu um að verja og styðja við völd og fjármagn, styrkir hina ríku og veikir alla þá sem undir eru. Þetta er ekki eitthvað sem óvart gerðist, tilviljun, eða er afleiðing stríðsátaka eða heimsfaraldurs. Þetta er stefna! Forhert og þaulskipulögð stefna sem er byggð á úthugaðri kenningu hagfræðinnar.

Að aga launafólk er gert með fjárhagslegum klyfjum í gegnum t.d. lán, leigu, vexti og verðlag og skera niður nauðsynlega grunnþjónustu og einkavæða. Að draga úr mætti fjöldahreyfinga á borð við verkalýðsfélög, afregluvæða markaði, veikja eftirlit og samkeppni. Hljómar þetta sem kunnugleg stefna síðustu ár?

Ítalski hagfræðiprófessorinn Clara E. Mattei hélt ákaflega fróðlegan fyrirlestur á málþingi á vegum VR sem haldið var til að útskýra þessa stefnu, bæði í sögulegu og nútímalegu samhengi. Við eigum sem betur fer mikið af færni og hámenntuðu fólki, bæði hér heima og erlendis, sem þorir að ögra þessum hugmyndum en það fólk má sín lítils í baráttunni við ægivald fjölmíðla og fjárhagslegan styrk sérhagsmunaafila sem stjórna umræðunni, stjórn málinum og eru með sinn ókrýnda konung í háseti Seðlabankans, veifandi verðbólgu- og vaxtasprota yfir alþýðu landsins. Í nafni stöðugleika!

Við verðum sem samfélag að sniðganga áróður og fræðast um hvað hægt er að gera í stað þess að trúna lyginni um lögmálin sem eru ekkert annað en vafasamar kenningar sem fyrir löngu er búið að af-sanna. Við þurfum að vakna og það er hlutverk okkar sem erum í framlínu hagsmunabaráttu launafólks að fræða og ögra ríkjandi hugmyndafræði. Krefjast breytinga og hafa kjark til að rísa gegn þeim. Gefa fólkinu okkar von og framtíðarsýn. Því við getum ekki látið þetta viðgangast lengur. Við megum ekki tapa þessu stríði!

Það er allt eða ekkert! 



STARFSÞRÓUN

Á vefsíðu VR er að finna sérstaka undirsíðu helgaða starfsþróun þar sem félagsfólk VR getur aflað sér upplýsinga um hvernig má þróast í starfi, sem og nýta sér hin ýmsu verkfæri sem standa þar til boða til að huga að hæfniaukningu sinni. Þegar talað er um starfsþróun þá er ekki eingöngu verið að tala um að einstaklingar skipti um starfsvettvang, þó að það geti vissulega átt við í einhverjum tilvikum. Hér er meira verið að vísa í það ferli þegar einstaklingar sjá tækifæri í því að vaxa og þróast í störfum sínum með því að móta og/eða tileinka sér nýjar aðferðir til að sinna starfi sínu.

Taktu næsta skref!

Veldu það sem við á...

- Ég er að leita mér að hvatningu til starfsþróunar
- Ég þarf aðstoð við að koma mér af stað
- Ég vil gjarnan mennta mig - en þarf góð ráð
- Ég þarf að þróa nýja hæfni til þess að fylgjast með
- Ég hef áhuga á að taka að mér meiri ábyrgð
- Ég vil verða betri í því sem ég er að gera

Starfsþróunarráðgjöf:

- Félagsfólki að kostnaðarlausu
- Ráðgjöf hjá náms- og starfsráðgjafa Mímis-símenntunar
- Skráning fer fram í gegnum Mínar síður á vr.is
- Viðtöl fara fram á Teams og taka um 30 mínútur
- Ráðgjöfin getur farið fram á ensku, sé þess óskað
- Markmiðið er að veita upplýsingar um mögulegar leiðir til frekari starfsþróunar, stuðning við ákvarðanatöku um nám eða stöðu á vinnumarkaði

NÁMSKEIÐ FYRIR FÉLAGSFÓLK

STARFSLOK OG FJÁRMÁL

8. október kl. 9:00-12:00

Leiðbeinandi: Björn Berg Gunnarsson, fjármálaráðgjafi

Á þessu ítarlega og gagnlega námskeiði er vandlega farið yfir allt sem nauðsynlegt er að vita varðandi fjármál við starfslok. Þátttakendur öðlast betri yfirsýn yfir réttindi sín og þá valkosti sem í boði eru. Meðal þeirra spurninga sem svarað verður eru:

- Hvenær og hvernig hentar að sækja lífeyrisgreiðslur?
- Hvernig göngum við á séreignarsparnað og hvaða áhrif hefur tilgreind séreign?
- Hvað þarf að vita varðandi greiðslur og skerðingar Tryggingastofnunar?
- Er skynsamlegt að sækja hálfan lífeyri?
- Hvernig deili ég lífeyri með makanum mínum?
- Hvaða skatta kem ég til með að greiða?

Bætt þekking dregur úr líkum á kostnaðarsömum mistökum og gefur færi á að hámarka virði lífeyris og réttinda. Björn Berg Gunnarsson er með 16 ára reynslu á fjármálamarkaði þar sem hann stýrði meðal annars greiningardeild og fræðslumálum Íslandsbanka. Hann hefur einnig haldið yfir 300 fyrirlestra um lífeyrismál og er höfundur bókarinnar Peningar.

STARFSLOK - TÍMAMÓT OG TÆKIFÆRI

9. október kl. 8:30-15:45

Leiðbeinandi: Sérfræðingar frá Auðnast

Á þessu námskeiði fá þátttakendur tækifæri til að undirbúa starfslok sín en góður undirbúningur er grunnforsenda fyrir ánægjulegum starfslokum. Á starfslokánámskeiði Auðnast er stuðst við líkanið „okkar daglega líf“ sem samanstendur af mikilvægum þáttum sem fræðin telja vert að rýna við tímamót sem þessi. Farið verður yfir hvern þátt fyrir sig með fyrirlestrum, verkefnum og umræðum.

ÞEKKTU ÞINN RÉTT

14. nóvember kl. 9:00-11:00

Leiðbeinandi: Jurgita Subonyte, kjaramálasérfræðingur

Stutt námskeið þar sem öll helstu réttindi samkvæmt kjarasamningi VR og SA eru kynnt. Á námskeiðinu er farið yfir veikindarétt, orlof, uppsagnarfrest, vinnutíma og áunnin réttindi. VR mun einnig veita almennar upplýsingar um réttindi fólks á íslenskum vinnumarkaði og kynna sjóði VR. **Þetta námskeið verður á ensku.** [væ](#)



SKRÁNING

Námskeiðin verða haldin í sal VR á 9. hæð í Húsi versunarinnar, Kringlunni 7. Morgunmatur í boði fyrir þau sem mæta á staðinn. Einnig er hægt að taka þátt í gegnum Teams. Skráning á námskeiðið fer fram í viðburðadagatali VR á vr.is.

Við skráningu færðu áminningu á netfangið sem þú ert með skráð hjá VR. Ef þú skráir þig sem þátttakanda rafrænt færðu sendan hlekk í tölvupóstinum. Þú getur séð hvaða netfang þú ert með skráð á Mínum síðum á vr.is.



Skannaðu kóðann með snjallsímanum til að fá nánari upplýsingar um viðburði VR



Vissir þú að allt íslenskunám er styrkhæft?

Veittur er styrkur fyrir 90% af reikningi vegna íslenskunáms að hámarki 180.000 kr. á ári.

Did you know that all Icelandic courses are eligible for a grant?

A grant is awarded for 90% of the bill when studying Icelandic, up to a maximum of ISK 180,000 yearly.

Czy wiesz, że wszystkie kursy języka islandzkiego kwalifikują się do stypendium?

W przypadku nauki języka islandzkiego przyznawane jest stypendium w wysokości 90% rachunku, maksymalnie do 180 000 ISK rocznie.

starfsmennt.is



STARFSMENNTASJÓÐUR
VERSLUNAR- OG SKRIFSTOFUFÓLKS

FRÆÐSLUVIÐURKENNING VR VEITT Í FYRSTA SINN

Niðurstöður í könnun VR á Fyrirtæki ársins 2024 voru kynntar við hátíðlega athöfn í Hörpu síðastliðið vor. Verðlaun voru veitt í þremur stærðarflokkum eða til lítilla, meðalstórra og stórra fyrirtækja. Fimmtán efstu fyrirtækin í hverjum stærðarflokki voru útnefnd Fyrimyndarfyrirtæki 2024 og þrjú efstu fyrirtækin í hverjum stærðarflokki hrepptu stóra vinninginn og voru útnefnd Fyrirtæki ársins 2024.


Þar að auki voru tvenn aukaverðlaun veitt. Annars vegar hlutu þrjú fyrirtæki, eitt í hverjum stærðarflokki, nafnbótina Fjölskylduvænustu fyrirtækin 2024 og hins vegar hlutu þrjú fyrirtæki, eitt í hverjum stærðarflokki, Fræðsluviðurkenningu VR sem veitt var í fyrsta sinn. Val á fjölskylduvænustu fyrirtækjunum byggir á viðhorfi starfsfólks til þátta eins og sveigjanleika í vinnu og getu til þess að samræma vinnu og einkalíf, en val á fyrirtækjunum sem hlutu Fræðsluviðurkenningu VR byggir á viðhorfi starfsfólks til sí- og endurmenntunarmála og getu þeirra til þess að þróast í starfi.

Fræðsluviðurkenning VR styður við markmið félagsins um að efla sí- og endurmenntun hjá starfsfólki, en sá málaflokkur hefur sjaldan verið mikilvægari. Tækniþróun, til dæmis á sviði gervigreindar og sjálfvirknivæðingar, mun hafa mikil áhrif á það hvernig störf eru unnin og því er það skylda stéttarféлага að búa félagsfólk sitt undir vinnu- markað framtíðarinnar og hjálpa því að þróast í takt við tæknina.

Fyrirtækin sem hlutu Fræðsluviðurkenningu VR 2024

- **Sjóvá**, í flokki stórra fyrirtækja.
- **Reykjafell**, í flokki meðalstórra fyrirtækja.
- **Mjúk Iceland**, í flokki lítilla fyrirtækja.



Könnun VR á Fyrirtæki ársins á sér nú yfir aldarfjórðungs sögu og er stærsta vinnumarkaðskönnun á Íslandi. Í ár náði könnunin til rúmlega 43 þúsund einstaklinga á almennum vinnumarkaði. Könnunin er mikilvægt tól sem gagnast starfsfólki jafnt sem stjórnendum. Með því að leyfa starfsfólki að tjá skoðanir sínar um líðan sína í vinnu er hægt að bera kennsl á það sem er gert vel og það sem betur mætti fara. Eins dregur könnunin upp ákveðna mynd af stöðunni í íslensku þjóðfélagi á hverjum tíma, þegar rýnt er í niðurstöðurnar í gegnum árin. 

Nánar má lesa um niðurstöður í könnun VR á Fyrirtæki ársins 2024 á vefsíðu VR, vr.is.



MIKILVÆGI SÍ- OG ENDURMENNTUNAR

Á vordögum undirrituðu VR/LÍV og Samtök verslunar og þjónustu samstarfssamning en með samningnum gera samtökin með sér samkomulag um að vinna markvisst að því að auka hæfni og þekkingu starfsfólks í verslun og þjónustu.

Samstarfssamningurinn er langtímaverkefni sem VR/LÍV og SVP hafa gert í þeim tilgangi að efla menntun, hæfni og starfsþekkingu starfsfólks í verslun og þjónustugreinum. Markmiðið með samningnum er að styrkja stöðu starfsfólks á vinnumarkaði og stuðla að aukinni framleiðni og samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja í alþjóðlegu samhengi.

Samningurinn, sem nær til ársins 2030 tiltekur þrjú grunnmarkmið:

1. Regluleg sí- og endurmenntun í boði: Fram til ársins 2030 er stefnt að því að 80% af starfsfólki fyrirtækja í verslun og þjónustu sækji sér nám sem hefur það að markmiði að auka hæfni og þekkingu starfsfólksins.

2. Aukin íslenskukunnátta erlends vinnuafls: Eitt af helstu markmiðum samningsins er að 80% starfsfólks með íslensku sem annað tungumál nái hæfni á stigi B1 samkvæmt Evrópska tungumálaráttunum fyrir árið 2030. Þessi hæfni er talin lykilatriði til að bæta stöðu þeirra á vinnumarkaði og auka möguleika til starfsþróunar.

3. Vottun og viðurkenning á hæfni: Lagt er upp með að verslunar- og þjónustugreinin þrói aðferðafræði sem gerir starfsfólki kleift að fá viðurkenningu fyrir að hafa náð markmiðum samningsins, hvort sem það er með fagbréfi eða annars konar vottun. Þannig verður til viðurkenning á þeirri hæfni sem starfsfólk tileinkar sér í gegnum sí- og endurmenntun, sem og starfsþróun, sem gerir það betur í stakk búíð til að mæta auknum kröfum vinnumarkaðarins.

AÐGERÐARÁÆTLUN OG ÁFRAMHALDANDI VINNA

Í kjölfar undirritunar samningsins hefur verið unnið að því að móta aðgerðaráætlun út frá markmiðunum. Í desember 2023 var stöðukönnun lögð fyrir félaga VR/LÍV og félaga SVP. Í mars 2024 var svo haldið sameiginlegt málþing VR/LÍV og SVP þar sem niðurstöður stöðukönnunar voru kynntar. Að því loknu var lögð fram aðgerðaráætlun sem byggði á niðurstöðum könnunarinnar.

ÁSKORANIR OG NÆSTU SKREF

Helstu niðurstöður stöðukönnunarinnar leiddu í ljós mikilvægi þess að fyrirtæki myndi sér menntastefnu. Jafnframt benda niðurstöðurnar til þess að starfsfólk í minna sérhæfðum störfum, innflytjendur og fólk yfir þrítugu er ólíklegra til að sækja sér endurmenntun eins og staðan er í dag. Skortur á tíma og skortur á þekkingu á fjármögnun hafa verið nefndar sem helstu hindranir.

Næstu skref fela í sér kynningarátak sem er ætlað að bæta vitund starfsfólks og fyrirtækja um mikilvægi sí- og endurmenntunar ásamt því að halda á lofti framtíðarhæfnipáttum starfsfólks samkvæmt World Economic Forum. [VR](#)



10 mikilvægustu hæfnipættirnir 2025

- 1. Greinandi hugsun- og nýsköpun**
e. Analytical thinking and innovation
- 2. Virk þátttaka í lærdómsferli og að kynna sér lærdómsaðferðir**
e. Active learning and learning strategies
- 3. Hæfni til að leysa úr flóknum vandamálum**
e. Complex problem-solving
- 4. Gagnrýnin hugsun og greiningarhæfni**
e. Critical thinking and analysis
- 5. Sköpunargleði, frumleiki og frumkvæði**
e. Creativity, originality and initiative
- 6. Leiðtogahæfni og geta til að hafa félagsleg áhrif**
e. Leadership and social influence
- 7. Tækninotkun, tæknivöktun og tæknistjórnun**
e. Technology use, monitoring and control
- 8. Tæknihönnun og forritun**
e. Technology design and programming
- 9. Seigla, streitupól og sveigjanleiki**
e. Resilience, stress tolerance and flexibility
- 10. Rökhugsun, lausnamiðuð hugsun og hæfni til að vinna úr flóknum hugmyndum**
e. Reasoning, problem-solving and ideation

Heimild: Future of Jobs Report 2020, World Economic Forum.



Þrjár leiðir til að sækja um styrk í starfsmenntasjóði VR/LÍV



Veldu eina leið

Einstaklingar

Fyrirtæki

Sameiginlegur styrkur

Einstaklingur sækir um styrk

Fyrirtæki sækir um styrk

Sameiginlegur styrkur einstaklings og fyrirtækis

1. Umsókn

Sótt er um á Mínum síðum á vr.is. Félagsfólk annarra aðildarfélaga LÍV sækir um hjá sínu stéttarfélagi.

2. Reikningur

Greiddur reikningur verður að vera á nafni þess sem sækir um og staðfesting á að reikningur sé greiddur þarf að fylgja.

3. Upplýsingar

Lýsing á námi skal fylgja með umsókn ef óljóst er hvers konar nám/námskeið sótt er um.

4. Greiðsla

Styrkur greiddur inn á reikning félaga að uppfylltum skilyrðum sjóðsins.

Athugið

Veittur styrkur er 90% af reikningi vegna náms, af starfstengdu námskeiðsgjaldi eða af ráðstefnugjaldi.

Hámarksstyrkur er **180.000 kr.** og **540.000 kr.** þegar félagi á rétt á uppsöfnun. Veittur styrkur af tómstundanámskeiði er 50% að hámarki 40.000 kr. sem dregst frá árlegum hámarksstyrk.

Tómstundastyrkur hefur ekki áhrif á uppsöfnun.

Veittur ferðastyrkur vegna náms/starfstengdra námskeiða er 50%, að hámarki 50.000 kr. sem dregst frá árlegum hámarksstyrk.

1. Umsókn

Sótt er um á attin.is

2. Reikningur

Greiddur reikningur verður að vera á nafni fyrirtækis og staðfesting á að reikningur sé greiddur þarf að fylgja.

3. Upplýsingar

Lýsing á námi skal fylgja með umsókn og listi starfsfólks sem sóttu námið/námskeiðið (nafn-kennitala-stéttarfélagsaðild).

4. Greiðsla

Styrkur greiddur inn á reikning fyrirtækis að uppfylltum skilyrðum sjóðsins.

Athugið

Veittur styrkur er 90% af reikningi vegna náms, af starfstengdu námskeiðsgjaldi eða af ráðstefnugjaldi.

Hámarksstyrkur er **390.000 kr.** fyrir hvern einstakling.

Hámarksstyrkur til fyrirtækja er **4 milljónir kr.** á ári.

1. Kostnaður

Nám verður að kosta að lágmarki 200.000 kr.

2. Reikningur

Það skiptir ekki máli á hvoru nafni greiddur reikningur er, nafni fyrirtækis eða félaga.

3. Umsókn

Félagi sækir um styrkinn á mínum síðum á vr.is eða hjá sínu LÍV-félagi og gildir sú umsókn einnig vegna styrks fyrirtækisins. Því þarf ekki að senda inn sér umsókn fyrir fyrirtækið.

Yfirlýsing frá fyrirtækinu verður að fylgja með umsókninni þar sem fram kemur að um sé að ræða sameiginlega umsókn og að námið sé hluti af starfsþróunarætlun starfskraftsins.

4. Afgreiðsla

Við samþykkt umsóknar dregst styrk-upphæðin af rétti beggja. Miðað er við 50/50 en ef félagi á rétt á uppsöfnun þá er uppsöfnunin nýtt fyrst og svo réttur fyrirtækis.

5. Útborgun

Styrkuppghæð greiðist inn á reikning beggja.

6. Upphæð styrks

Samantlagður styrkur er 90% af námsgjaldi – **hámark 570.000 kr.** (180.000 kr. réttur félaga + 390.000 kr. réttur fyrirtækis) eða að hámarki **800.000 kr.** þegar félagi á rétt á uppsöfnun.





Myndir frá ASÍ þinginu 2022.

STERK HREYFING – STERKT SAMFÉLAG!

46. þing Alþýðusambands Íslands verður haldið 16. – 18. október í Reykjavík. VR á 89 fulltrúa á þinginu en fulltrúar landssambanda og aðildarféлага sambandsins sitja þingið sem að jafnaði er haldið annað hvert ár.

Yfirskrift þingsins að þessu sinni er Sterk hreyfing – sterkt samfélag. Miðstjórn ASÍ hefur samþykkt að fjallað verði um þau verkefni og áskoranir sem Alþýðusambandið, aðildarfélagin og launafólk standa frammi fyrir nú og í næstu framtíð og hvernig á að takast á við þær út frá grunngildum og baráttu verkalyðshreyfingarinnar. [VR](#)

Málefnaþapar þingsins verða einkum þrjár:

- Auðlindir í þágu þjóðar – varðstaða um sameignir þjóðarinnar.
- Þjónusta í þágu almennings – krafa um bætt aðgengi – horfið frá einkavæðingu.
- Samkeppni í þágu samfélags – sporna gegn fákeppni og einokun.





ÞEGAR VR GAF REYKJAVÍKURBORG STYTTUNA AF SKÚLA FÓGETA

Það var á afmælisdegi Reykjavíkurborgar fyrir réttum 70 árum, þann 18. ágúst árið 1954, sem stytan af Skúla Magnússyni landfógeta var afhjúpuð við hátíðlega athöfn í Bæjarfógetagarðinum við Aðalstræti. Skúli fógeti, eins og hann er iðulega nefndur, hefur stundum verið kallaður faðir Reykjavíkur en hann var frumkvæðull mikill og meðal annars í verslun á Íslandi en það var að frumkvæði Skúla sem verslun og annar rekstur byggðist upp í Reykjavík. Hann stofnaði fyrsta hlutafélag Íslands, Hið íslenska hlutafélag, en eftir veglegt fjármagn frá danska konunginum óx því ásmegin og varð umfangsmikið í ýmiss konar atvinnustarfsemi, þar á meðal í skipasmíði, ullarvefnaði og útgerð. Þessi mikla starfsemi var á dönsku nefnd De Nye Indretninger eða Innréttingarnar í daglegu tali hér á landi.

Verslunarmönnum þótti við hæfi að gera Skúla fógeta hátt undir höfði fyrir sitt framtak til verslunar á Íslandi en fyrstu tillögur um að reisa honum minnismerki eru bókaðar í fundargerð árið 1911. Sameiginlegur fundur var boðaður hjá Kaupmannafélagi Reykjavíkur og Verzlunarmannafélagi Reykjavíkur í tilefni af 200 ára afmæli Skúla þann 11. desember 1911. Lagt var til að minnast Skúla í tilefni af afmælinu og var nefnd komið á fót og minningarsjóður stofnaður. Ekki dró þó til tíðinda fyrr en árið 1948 þegar Skúlanefndin svokallaða var stofnuð en Óskar Clausen rithöfundur lagði fram tillögu á aðalfundi VR um að félagið myndi beita sér fyrir því að Skúla fógeta yrði reist minnismerki í Reykjavík. Listamaðurinn Guðmundur Einarsson frá Miðdal var fenginn til að gera styttuna af Skúla en heildarkostnaður við styttuna nam 132.386,92 kr. Skúlanefndin safnaði fyrir styttni með samskotum og sölu spjaldhappdrættis. Það var Guðjón Einarsson, þáverandi formaður VR sem afhenti Reykjavíkurborg styttuna, en Gunnar Thoroddsen, þáverandi borgarstjóri Reykjavíkur, veitti henni viðtöku. [v.a.](#)

Upplýsingar fengnar úr Afmælisriti VR eftir Lýð Björnsson og af Vísindavefnum.

**ÖFLUGT
UNGLIÐARÁÐ
VR TEKUR
TIL STARFA**





Efri röð frá vinstri: Sarah Mohammadi og Þorvarður Bergmann Kjartansson. Neðri röð frá vinstri: Lára Portal, Mateusz Gabriel Kowalczyk Róbertsson og Andrea Rut Pálsdóttir. Á myndina vantar Tómas Guðna Sigurðarson.

Nýkjörið Ungliðaráð VR hefur tekið til starfa en kosningar í ráðið fóru fram á vordögum. Óhætt er að segja að nýkjörnir fulltrúar komi inn af miklum krafti og eldmóð til að gera vel fyrir ungt fólk hjá VR en helmingur félagsfólks VR er í þeim hópi eða um 20.000 VR félagar. Síðustu ár hefur meðalaldur í stjórn VR og í grasrótastarfi VR því miður ekki náð að endurspegla aldursdreifinguna í félaginu. Vonir standa til að starf Ungliðaráðs VR komi til með að virkja fleira ungt fólk til að taka þátt í baráttunni fyrir betri lífsgæðum launafólks og tryggja að hagsmunamál ungs fólks séu alltaf á dagskrá.

Fulltrúar í Ungliðaráði kjörtímabilið 2024 - 2026 eru:

Andrea Rut Pálsdóttir
Lára Portal
Mateusz Gabriel Kowalczyk Róbertsson
Sarah Mohammadi
Tómas Guðni Sigurðarson
Þorvarður Bergmann Kjartansson


EN HVAÐ VILL UNGT FÓLK?

Fyrsta stóra verkefni Ungliðaráðs á kjörtímabilinu var að gera könnun meðal ungs fólks sem bar yfirskriftina "Ertu að njóta eða blóta?". Könnunin miðaði að því að fá innsýn í hvernig ungt fólk upplifir stöðu sína og lífsskjör og hvaða málefni það vill leggja áherslu á.

Þátttakan fór fram úr björtustu vonum og óhætt er að segja að mýtan um að ungt fólk sé áhugalaust um samfélagsmál og hafi ekki skoðanir hafi verið afsönnuð. Riflega 3000 VR félagar gáfu sér tíma til að svara könnuninni og þeim sendum við bestu þakkir fyrir. Niðurstöður verða kynntar á vef VR að úrvinnslu lokinni og verða Ungliðaráði VR áttaviti í starfinu næstu misserin.

NÆSTU SKREF Í UNGLIÐARÁÐI

Ungliðaráð VR starfar í umboði ungs fólks í VR á aldrinum 16 – 35 ára. Þetta aldurs skeið er yfirleitt viðburðaríkt í lífi fólks þó að verkefni og áherslur séu mismunandi milli þeirra yngri og þeirra sem eldri eru í hópnum. Áherslan hjá þeim yngri er ef til vill að klára nám og taka sín fyrstu skref á vinnumarkaði á meðan eldri hópurinn einblínir frekar á starfsþróun, að ná fjárhagslegum stöðugleika og jafnvel stofna fjölskyldu. Það er því ákveðin áskorun að eiga samtal við hópinn sem Ungliðaráð starfar fyrir en til stendur að nálgast hópinn tvíþætt. Annars vegar yngri hópinn og hins vegar eldri hópinn og með því verður tryggt að báðir hópar fái markvissa og viðeigandi umræðu á sínum forsendum.

Þrátt fyrir að verkefni og áskoranir séu ólík milli yngri og eldri einstaklinga í aldurshópnum deila þeir sameiginlegri vegferð þar sem öll eru á þessum árum að móta framtíð sína og vinna að sjálfstæði í einhverjum skilningi, hver á sinn hátt. Með stofnun Ungliðaráðs VR steig félagið afdráttarlaust skref til að tryggja að raddir þessa fjölmenna hóps fái að heyrast innan félagsins. Vonir VR standa til þess að ungt fólk sjái hag sinn í því að sýna samfélagsmálum áhuga og leggi þeim lið en þannig tryggir ungt fólk að hagsmunir þeirra séu hafðir í huga þegar ákvarðanir eru teknar. VR skorar á ungt fólk að fylgjast með og taka þátt í starfi Ungliðaráðs VR! 

Hægt er að fylgjast með á samfélagsmiðlum VR og viðburði tengda Ungliðaráði má sjá á vef VR á vr.is/vidburdir.



NIÐURSKURÐARSTEFNA ER EKKI EFNAHAGSLEG NAUÐSYN

Málþing VR um þróun og áhrif niðurskurðarstefnu 17. september 2024.

Fjöldmenni sótti málþing VR um niðurskurðarstefnu (e. austerity) en lykilfyrirlesari á þinginu var Clara Mattei, prófessor í hagfræði, sem skrifað hefur ítarlega um tilurð og þróun niðurskurðarstefnunnar allt frá lokum fyrri heimsstyrjaldar. Málþingið var haldið í tilefni af því að öld er liðin frá því niðurskurðarstefnan var fyrst skipulega innleidd á Íslandi. Yfirskriftin var „Efnahagsleg nauðsyn eða pólitísk hugmyndafræði“ og var rætt um áhrif þessarar umdeildu stefnu bæði erlendis og hérlandis.

Málþingið var haldið að frumkvæði stjórnar VR. Varaformaður VR, Halla Gunnarsdóttir, sem stýrði málþinginu, sagði eitt af stærri verkefnum verkalyðshreyfingarinnar að veita stjórnvöldum aðhald þegar kemur að áhrifum efnahagsstjórnunar á kjör launafólks. Staðan í efnahagslífinu hefur lítið breyst til batnaðar frá undirritun síðustu kjarasamninga, sagði Halla. Fjármagnseigendur kalli eftir niðurskurði og byrðunum er varpað á launafólk, leigjendur og skuldara, eins og það sé náttúrulegt.

Niðurskurðarstefnan skilar því sem henni er í raun ætlað, það er að verja fjármagnið og vernda það efnahagslega umhverfi sem við búum í, á kostnað launafólks og almennings, sagði Clara Mattei. Hún segir að skýra megi stöðuna í dag með því að skoða hvað gerðist fyrir einni öld. Kapítalísk stjórnvöld hafi tilhneigingu til niðurskurðar og almenningur verður fyrir barðinu á því. Leiðin til að berjast gegn niðurskurði sé að skilja að hann sé innbyggður í kerfið. Það eina sem geti komið í veg fyrir að niðurskurðarstefna nái fótfestu



sé pólitísk andstaða frá samfélaginu, frá stéttarfélagunum, frá stjórnmalaleiðtogum sem geti talað móti niðurskurði kapitalismans. Myndband af fyrirlestri Clöru Mattei má finna á vef VR, vr.is.

Ásgeir Brynjar Traustason, hagfræðingur og ritstjóri Vísbendingar, fjallaði um niðurskurðarstefnu á Íslandi og var það einnig til umræðu í pallborði sem í sátu (auk Ásgeirs): Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, hagfræðingur BSRB, Stefán Ólafsson, prófessor emeritus og sérfræðingur hjá Eflingu, Steinunn Bragadóttir, hagfræðingur hjá ASÍ og Sveinn Máni Jóhannesson sagnfræðingur. Í pallborðsumræðunum kom meðal annars fram að þegar niðurskurðarstefnu var upphaflega beitt á Íslandi fyrir hundrað árum hafi það meðal annars verið til höfuðs verkalyðshreyfingunni og samvinnuhreyfingunni sem reistu kröfur fyrir hönd almennings um heilbrigðisþjónustu, menntamál, félagsleg réttindi og innviðaupbyggingu.

Birtingarmynd niðurskurðarstefnu á Íslandi var rædd í pallborðinu, að hún birtist í vanrækslu innviða, einkavæðingu, háum stýrivöxtum og kröfunni um að launafólk beri byrðarnar af efnahagsástandinu. Réttindi eignafólks til að eiga fjármagn séu tekin fram yfir réttindi launafólks til að hafa í sig og á. Nýtt fyrirkomulag um fjármögnun hjúkrunarheimila sé líka einn angi niðurskurðarstefnu en með því sé einkaaðilum gert kleift að leigja hinu opinbera húsnæði fyrir hjúkrunarheimili á „markaðsverði“. Vakinn var athygli á tillögum um auknar valdheimildir ríkissáttasemjara sem geti falið í sér niðurbrot á réttindum launafólks. Þá kom fram að niðurskurðarstefna sé stéttatengd, það er að eignastéttin hagnist en vinnandi fólk tapi, en jafnframt kynjuð þar sem konum sé gert að vinna bæði launuð og ólaunuð störf við verri aðstæður og á lakari kjörum. [VR](#)






NÚ ER NÓG KOMIÐ!

„Það sem á sér stað í íslensku samfélagi akkúrat núna er enn ein eignartilfærslan. Tilfærsla á eignum og fjármagni frá fólkinu sem skapar verðmætin og vinnur störfin til þeirra sem mest eiga. Enn á ný horfum við upp á varðstöðu um fjármagnsöflin og hver á að borga? Það erum við. Við sem vinnum. Við sem leigjum. Við sem skuldum,“ sagði varaformaður VR, Halla Gunnarsdóttir, í ávarpi á mótmælum verkalyðshreyfingarinnar á Austurvelli í september.

Alþýðusamband Íslands, BSRB og Kennarasamband Íslands boðuðu til mótmællanna gegn skeytingarleysi stjórnvalda gagnvart hárrí verðbólgu og vöxtum. Auk varaformanns VR fluttu formenn BSRB, Kí og Sameykis, þau Sonja Ýr Þorbergsdóttir, Magnús Þór Jónsson og

Þórarinn Eyfjörð ávörp en Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR og varaforseti ASÍ, stýrði fundinum.

Okkur er sagt að lausnin liggji í því að fólk með húsnæðisskuldir dragi meira saman, sagði Halla, og spurði hvar sparnaðurinn eigi að koma niður. „Ef taka þarf peninga úr umferð á Íslandi til að slá á verðbólgu og eftirspurn, þá þarf að taka þá þar sem þeir eru. Þeir eru ekki í vösum venjulegs fólks. Þeir eru í miklu dýpri vösum.“ Krafa mótmælenda var skýr á fundinum. Launafólk hafi lagt sitt af mörkum og nú verði stjórnvöld að standa með heimilum landsins. Launafólk sætti sig ekki við aðgerðarleysi og innantóm loforð. Við viljum samfélag fyrir fólk, ekki fjármagn, sagði varaformaður VR að lokum. 



**Þúsundir
VR félaga
hafa tekið
sjálfspróf VR
í stafrænni
hæfni!**

**Ert þú búin/n/ð
að taka prófið?**

**Kynntu þér málið
nánar á
stafrænhæfni.is**



Sigmundur Halldórsson
Starfskraftur LÍV

AF VETTvangi LÍV

Áhersla á atvinnulýðræði er meginstef í áherslum samtaka launafólks um alla Evrópu, en því miður hefur Ísland setið eftir hvað varðar þróun áhrifa launafólks á stefnumótun og ákvarðanatöku á þeim vinnustöðum sem þau starfa hjá.

Ísland sker sig úr þegar kemur að aðkomu starfsfólks að ákvarðanatöku, því ólíkt Norðurlöndunum á starfsfólk á Íslandi almennt ekki fulltrúa í stjórnun. Um áratuga skeið hefur starfsfólk á hinum Norðurlöndunum átt þess kost að kjósa sér fulltrúa í stjórnir sinna vinnustaða. Augljósir hagsmunir launafólks af því að tryggja góð störf og nauðsyn þess að tekið sé tillit til hagsmuna þeirra á tímum breytinga, varð til þess að félag innan LÍV hafa lagt áherslu á aukið atvinnulýðræði og hafa á undanförunum árum vakið athygli á málefni með margvíslegum hætti, meðal annars með kröfu um stjórnarsæti fyrir fulltrúa launafólks í stjórnun fyrirtækja að norrænni fyrirmynd.

Í vor stóð VR fyrir fundi meðal fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar þar sem rætt var hvernig hægt væri að auka aðkomu launafólks að ákvörðunum sem hafa áhrif á störf þeirra. Það er mat samtaka launafólks að ósættanlegt sé að starfsfólkið sem skapar verðmætin sé ekki haft með í ráðum þegar teknar eru ákvarðanir sem hafa djúpstæð áhrif á störf þeirra og framtíð. Erlendir sérfræðingar um atvinnulýðræði héldu áhugaverða fyrirlestra um málefnið á þessum fundi. Isabelle Schömann, sérfræðingur frá ETUC, Sara Lafuente, sérfræðingur frá ETUI og Richard Wolff prófessor í hagfræði og stofnandi Democracy

at Work, fjölluðu um atvinnulýðræði frá mörgum sjónarhornum og efndu til umræðu um stöðuna og framtíðina. Í lok fundar var samþykkt ályktun þar sem bent var á mikilvægi aðkomu launafólks og samtaka þeirra í ákvarðanatöku og stefnumótun til þess að tryggja réttlæti fyrir hönd fólks á vinnumarkaði.

Mikilvægi þess að horft sé til langtíma sjónarmiða í rekstri fyrirtækja er óumdeilt og nú þegar fyrirtæki og stofnanir standa frammi fyrir breytingum vegna tæknibreytinga og nýtingar gervigreindar, er mikilvægt að tryggja að ávinningurinn skili sér til allra hagsmunaaðila. Horfa verður til hagsmuna starfsfólks og samfélagsins alls, ekki eingöngu þröngra hagsmuna um hámarkun arðsemi. Sömuleiðis er ljóst að loftslagsvandi og viðbrögð við honum hafa margvísleg áhrif á launafólk og mikilvægt er að áhersla sé á réttlát umskipti og lýðræðisvæðingu ákvarðanatöku, þar sem starfsfólk tekur þátt í því að móta eigin framtíð.

Þetta kallar á aðkomu launafólks og samtaka þeirra til þess að tryggja réttlæti fyrir hönd starfandi fólks. Áratuga reynsla í Evrópu af aðkomu launafólks að stjórnun og stefnumótun vinnustaða í gegnum samráð og stjórnarsetu sýnir að tími er kominn til þess að hér á landi eigi launafólk fulltrúa í stjórnun vinnustaða sinna. Virkt lýðræði er forsenda þess að fólk, fyrirtæki, stofnanir og samfélagið allt blómstri. Þessar tvær miklu áskoranir voru umfjöllunarefni fundar í Brussel á vegum UNI Global Union í Evrópu, Make Twin Transition, þar sem niðurstaða tveggja ára verkefnis sem unnið var með stuðningi frá ESB var kynnt. Í verkefninu var horft til áhrifa þessara tveggja þátta á verslun og hvernig samtök launafólks í verslunargeiranum gætu brugðist við. Á fundinum kynntu fulltrúar samtaka launafólks, atvinnurekenda og ESB sín sjónarmið og kom skýrt fram að miklar breytingar eru að eiga sér stað í verslun, bæði hvað varðar störf og hæfni. Það væri hlutverk stéttarféлага að tryggja réttindi starfsfólks í þessu mikla umbreytingaskeiði og var sérstaklega bent á mikilvægi þess að starfsfólk hefði skjól gagnvart atvinnurekanda þegar kæmi að söfnun og vinnslu persónuupplýsinga, auk mikilvægi þjálfunar og símenntunar í greininni.

Fram kom að áherslur stéttarféлага í hefðbundnum kjarasamningum liggi eðlilega í því að tryggja góð kjör og örugg störf. Það kalli því á nýja nálgun þegar kemur að áskorunum sem snúa að tæknibreytingum og loftslagsmálum og því hefur UNI Global Union gefið út handbók fyrir stéttarfélög um hvernig þau geti sett sér markmið og mótað stefnu varðandi bæði stafræna umbreytingu og loftslagsvanda. Þannig geti verið tækifæri í löggjöf og regluverki sem snýr að samfélagslegri ábyrgð fyrirtækja og alþjóðlegu samstarfi samtaka launafólks til að tryggja öryggi, heilsu og réttindi starfsfólks í allri virðisæðjunni, allt frá framleiðslu, dreifingu, sölu og endurvinnslu. Þannig hefur FNV í Hollandi náð áhugaverðum árangri í því að bæta aðstæður þeirra sem vinna við framleiðslu á pálmaolíu með samstarfi stéttarféлага í Hollandi, Indónesíu og Kólumbíu, auk þess sem stéttarfélög í Afríku hafa sýnt áhuga á því að taka þátt í verkefninu.

Grunnstef í kröfum samtaka launafólks er að tekið sé tillit til hagsmuna starfandi fólks. Ekki séu teknar ákvarðanir sem hafi áhrif á framtíð launafólks án aðkomu þeirra og mikilvægt sé að tekið sé tillit til fleiri hagsmuna en fjármagns í stefnumótun atvinnurekenda. Atvinnurekendur þurfi að taka samfélagslega ábyrgð sína alvarlega og engin séu betur til þess fallin að tryggja það í stjórnun vinnustaða en starfsfólkið sem þar starfar. ^{VR}

Fréttir af vettvangi LÍV er að finna á landssamband.is





Fagnám verzlunar og þjónustu

- upplýsingar um námið

Hvað er fagnám?

- 90 eininga nám sem er bæði bóklegt og vinnustaðanám.
- Raunfærnimat á mótum kenndum fögum.
- Skilyrði fyrir inngöngu í námið er að vinnustaður viðkomandi gerist aðili að verkefninu með því að skilgreina 15 eininga vinnustaðanám sem er sérhæft viðkomandi vinnustað. Einnig þarf vinnustaðurinn að leggja til matsaðila sem þjálfaður verður til að framkvæma raunfærnimat og fylgja eftir vinnustaðanámi.
- Lengd námsins miðast við þrjár annir en er þó hægt að taka það á lengri tíma.
- Upplýsingar um námið má finna á vefsíðu Verzlunarskólans, verslo.is eða með því að senda tölvupóst á verslo@verslo.is.
- Innritun fer fram hjá Verzlunarskólanum í samstarfi við vinnustað viðkomandi.
- Þjónustufærni, samskiptafærni og lokaverkefni eru áfangar sem allir nemendur taka og því fer ekki fram raunfærnimat í þeim.
- Upplýsingar um raunfærnimat og fyrirkomulag þess er hægt að nálgast hjá Mimir Símenntun, mimir.is eða með því að senda tölvupóst á radgjof@mimir.is.



ELDRI VR FÉLAGAR BOÐNIR Í VORKAFFI Í HÖRPU

Rúmlega 600 eldri VR félagar nutu kaffiveitinga í Hörpu í vor en hefð hefur skapast fyrir því að VR bjóði eldra félagsfólki sínu til kaffisamsætis að vori. Örn Árnason skemmti gestum og Hildur Vala Baldursdóttir söng nokkur lög við undirleik Jónasar Þóris píanóleikara.



TRÚNAÐARMAÐURINN

ÞÓRA BJÖRG JÓNASDÓTTIR

Aldur: 54 ára

Vinnustaður: Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús

Hvað hefurðu unnið lengi hjá þínu fyrirtæki?

Ég hef starfað hjá Hörpu nánast frá opnun eða frá árinu 2011. Ég hóf störf sem viðskiptastjóri á viðskipta- og markaðssviði og starfa núna sem verkefnastjóri á tæknaviði auk þess að vera hópstjóri þjónustufulltrúa.

Hversu lengi hefurðu verið trúnaðarmaður?

Ég hef verið trúnaðarmaður starfsfólks Hörpu sem er í VR frá árinu 2021.


Hvernig fræðslu hefurðu sótt þér sem trúnaðarmaður?

Hef verið að nýta mér fræðsluvef VR og rafræna viðburði. Það hefur reynst mér mjög vel og efnið er yfirgripsmikið og oftast en ekki sem ég fæ öll mín svör á vefnum. En ef eitthvað er óljóst er lítið mál að fá upplýsingar hjá starfsfólki VR sem er alltaf boðið og búið til að aðstoða. Ég hef einnig lært ýmislegt af því að vera í Facebookhópi trúnaðarmanna þar sem hægt er að leita ráða og álits.

Finnst þér þú hafa lært eitthvað af því að vera trúnaðarmaður?

Ég hef lært heilmikið um réttindi starfsfólks á vinnustað og hversu mikilvægt það er að fylgja því eftir að þau séu tryggð. Það er gríðarlega mikilvægt að vita af svona sterkum bakharli sem VR er fyrir starfsfólk.

Hvað gerirðu í frítíma þínum?

Áhugamálin eru almenn útivera og þá einna helst fjallgöngur og hjólríðar. Samvera með fjölskyldu og vinum en allra best er að njóta tímans með barnabörnunum - það er ómetanlegt að vera svona ung amma og mikil forréttindi að fá að taka þátt í þeirra lífi. 

TRÚNAÐARMANNANÁMSKEIÐ

FAGLEG NÁLGUN Á ERFIÐ MÁL

20. nóvember kl. 9:00-12:00

Námskeiðið er aðeins ætlað trúnaðarmönnum VR

Leiðbeinandi: Vigdís Ásgeirsdóttir, sálfræðingur

Á þessu trúnaðarmannanámskeiði mun Vigdís, sálfræðingur og ráðgjafi í mannauðsmálum, fjalla um skilgreiningar á svokölluðum EKKO málum (einelti, áreitni og ofbeldi), birtingarmyndir og fagleg viðbrögð þegar slík mál koma upp á vinnustöðum. Þá verður spjótunum beint að hlutverki trúnaðarmanna í slíkum málum og hvernig má nálgast slík mál á faglegan hátt í því hlutverki.

Vigdís er með Cand. psych. gráðu frá Háskóla Íslands og starfar hjá Lífi og sál sem er sálfræði- og ráðgjafastofa. Stofan hefur aðstoðað og leiðbeint fyrirtækjum við úrlausn EKKO mála og í öðrum erfiðum málum sem upp koma á vinnustöðum í yfir 20 ár.

Námskeiðið er haldið í sal VR á 9. hæð í Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, og er með blönduðu fyrirkomulagi. Morgunmatur í boði fyrir þau sem mæta á staðinn. Einnig er hægt að vera með á Teams. Skráning á námskeiðið fer fram í viðburðadagatali VR á vr.is.

Við skráningu færðu áminningu á netfangið sem þú ert með skráð hjá VR. Ef þú skráir þig sem þátttakanda á Teams færðu einnig sendan hlekk í tölvupóstinum. Þú getur séð hvaða netfang þú ert með skráð á Mínum síðum á vr.is.


MÓTTAKA FYRIR NÝJA TRÚNAÐARMENN

13. nóvember kl. 12:00-13:00

4. desember kl. 12:00-13:00

Athugið að móttakan er aðeins ætluð trúnaðarmönnum VR

Leiðbeinandi: Hreiðar Ævar Jakobsson, tengiliður trúnaðarmanna hjá VR


Sérstakar móttökur fyrir nýja trúnaðarmenn eru haldnar í hverjum mánuði. Þar er boðið upp á léttan hádegisverð, stutta fræðslu um starfsemi VR og mikilvæg gögn afhent. Þetta er kjörið tækifæri til að hitta tengilið trúnaðarmanna í eigin persónu og byggja upp tengslanet við aðra nýja trúnaðarmenn. Móttakan er haldin í fundarsal VR á 9. hæð í Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7. Vinsamlegast látið vita um ofnæmi eða annað sem þarf að taka tillit til. Við skráningu er sendur tölvupóstur á netfangið sem þú ert með skráð hjá VR. Þú getur séð hvaða netfang þú ert með skráð á Mínum síðum á vr.is. 








Skannaðu kóðann með snjallsímanum til að fá nánari upplýsingar um viðburði VR



KROSSGÁTAN



						DUGN-ADUR	SKOR-DYRUM	ÞYTNUM	SJÁLFS-VITUND /ÆDDIR	FRI- stundar krossgátur @ VR-blaðið	HRANA- LEG	BLÓM	TRÉ	SÝKING		HRYGN- ING	SUND	LYFTAST	VOR- KENNDI	MJÓTT BAND	SAURINN		
AF- HENTAR						3				BRIM- SLÓÐAR					ÝFAST		1						
HÁRINU										NÆRUM					ELDS- NEYTID MÆLI								
KVÆÐA			7							ALKÓHÓL							LÍTIL- VÆGI JARD- BUNDIN						
BARID										MULDRA					HRÁ- BLAUTRI MJAKAR TIL						BÓK- STAFINN TRJÁ- TEGUND		
SK.ST. HÖFUÐ- ÁTTAR			EYKTA- MARK			LÚSAEGG DÚTL- UBUM				REIÐI- HLJÓÐ SPRÆK- UR				MANN- NAFN LOKAD SKEPNU- SVÆÐI	2							TENGDIR KNÖPPU	
BERG- MÁL											TÁSA SUSSU				FISKUR- INN FARI AFTUR		6						
ÞURR- LENDI											DREGG- JAR BORÐ- HALDS										LANGAFA FRÆ- KORN	5	
Í HÚS										HUG- SKÓTS					LÆKKUÐU ÖGN								
			HÁ			GJALD- MIDLINUM EIN- SONGS- LAGI					ÁMÁLGA INNI- HALDS- LAUSAN						4		ÞREP Í STIGA NAFNI KONU				
MAT- JURTIR											SMJÖR- DAMLÁ RÝR						UNNU EID SKEGG						
TOR- VELDA											BOGA- DREGID LÍKAMS- HLUTANNA			9							GLJÁIR	NERI	BJÁSTRÍÐ
SPIL											GER- SIGRÁÐ HÖGG					TOGADA HÆÐ- UNUM							
SAMSULL											HLUTIR Í SUNDUR RÆKTAR- LANDS				BÆNUM KVEININU		8						
											SKÁBRAUT FÓÐRA						11		NÝTT DUSTS				
TOR- VELDA											ENGRA SPANN											RÚSSA- KEISARI KEYRDI	
SPIL											UPPI- STÖÐ- UNNI					SEFADI							
SAMSULL											FORFÓÐ- URNUM					KRAP Í STRAUMI					12		

VERÐLAUN FYRIR RÉTTA LAUSN KR. 15.000



Lausnin á síðustu krossgátu er: **Geimferja**

Vinningshafni krossgátunnar í síðasta blaði var **Guðmundur Auðunsson**. Guðmundur ólst upp í Reykjavík og hefur unnið ýmis störf, aðallega sölustörf. Síðustu starfsárin vann Guðmundur sem umsjónamaður fasteigna fyrir Hilton Hótel en er nú hættur að vinna vegna aldurs. Áhugamál Guðmundar eru ferðalög og gítarspil.

Í lausn krossgátunnar hér að ofan er orð. Vinsamlegast látið kennitölu fylgja og skrifið „krossgáta“ utan á umslagð. Skilafrestur er til **17. febrúar 2025**. Utanaskriftin er: VR-blaðið, Kringlunni 7, 103 Reykjavík. Einnig er hægt að senda lausnina á krossgata@vr.is.

SUDOKU ÞRAUT

Sudoku byggist á því að klára að fylla út 9x9 ytri grind með tölum frá 1 upp í 9 þannig að hver tala komi aðeins fyrir einu sinni í hverri röð, hverjum dálki og hverri 3x3 innri grind.

					2			
				4		9		
8			3		1			
	9						2	
	1	3			4			6
	6				9			1
5							8	2
			2					
		6	8			1	5	

4				9	6			5
	5	9		3				8
1		3						
					7	5		
	3		9	6		2		7
	1						6	
8		5						
		2	7		4			
					8			4

			8			2		
						1	3	5
	1				9		7	
		6	4					3
			7		2			
	7		6			9		2
	6	1			5			
		3			7		5	6
		4						

8			9	3				
					5			9
				8				4
	1			2	3	6		
	3			1	6			8
			5		7	4		
		3	7	4	1	9		
	4					3	8	7
		6						1

SÖGUBROT – 1974 Lyfjakassi,- hreinlætis- og kaffiaðstaða

26. febrúar 1974 var samið um að á vinnustöðum skyldi vera lyfjakassi með nauðsynlegum lyfjum og umbúðum, svo og salerni, vatn og vaskur. Á öllum vinnustöðum skyldi vera aðstaða til kaffidrykkju og geymslu á hlífðarfötum.

VR hefur opnað endurbættar Mínar síður

Nú eru Mínar síður enn
notendavænni en áður!

Kíktu inn á Mínar síður á
vr.is og skoðu málið

